

Örmyntin krónan
Fótar sig ekki
á alþjóða-
markaði



10

Geysir Green Energy
Langtímaútrás
í orkuiðnaði

12-13

A. Karlsson
Gleði, metnaður
og vöxtur



16

Útilokar tryggingakaup

Björn Wahlroos, forstjóri Sampo Group, telur ólíklegt að fyrirtækið ráðist í kaup á öðru fjármálaþjónustufyrirtæki sem er með puttana í tryggingageiranum, svo sem skaða- og líftryggingum, og fjárfestingabankastarfsemi á borð við eignastýringu, verðbréfavíðskipti og eigna- og sjóðastýringu. Þetta segir hann í viðtali við alþjóðaútgáfu Helsingin Sanomat.

Annars vegar eru lítil samlegðaráhrif með líftryggingafélögum og hins vegar er Sampo nú þegar stærsta váttryggingafélagið í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. „Dönsk váttryggingafélög eru of dýr,“ segir Björn.

Að hans mati er líklegast að Sampo, sem hefur gríðarlegt reiðufé milli handanna, færi sig inn í bankageirann. Vitað er um áhuga Sampo á Nordea og hugsanlega á öðrum sænskum bönkum. Blaðamaður veltir einnig upp þeim möguleika að íslenskir bankar taki þátt í kaupum á sænskum bönkum.

„Markaðurinn er fremur seljendamarkaður en kaupendamarkaður,“ segir forstjórinn.

Exista er stærsti hluthafinn í Sampo Group, með 15,5 prósent.

- eþa

Bankar í sviðsljósinu

Alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's efnir til ráðstefnu um íslensku bankana og framtíðarhorfur fjármálastofnana hér á landi og í Evrópu á Hótel Loftleiðum í fyrramálið. Ráðstefnan hefst klukkan hálf nú og stendur til hádegis.

Á meðal þess sem rætt verður um eru horfur og áhætta íslensku bankanna á þessu ári auk þess sem því verður velt upp hvernig bankarnir muni bregðast við niðursveiflu í efnahagslífinu. Þá verður ennfremur rætt um þá matsþætti S&P sem skipta máli.

- jab

FRÉTTIR VIKUNNAR

Kaupa framleiðanda | Matvælaframleiðandinn Alfesca hefur keypt franska skelfiskframleiðandann Adrimex fyrir um 1,9 milljarða króna.

Í evrur | Á kynningarfundum fyrir fjárfesta í síðustu viku kynnti stjórnarformaður Marels að lögð yrði fyrir aðalfund í mars tillaga um að færa hlutafé fyrirtækisins úr krónum í evrur.



Yfir væntingum | Hagnaður Atorku Group nam 6.739 milljónum króna á síðasta ári. Þar af nam hagnaðurinn 1.312 milljónum króna á fjórða ársfjórðungi. Hagnaður jókst um 352 prósent á milli ára.

Dregst saman | Tryggingamiðstöðin skilaði 696 milljóna króna hagnaði árið 2006 samanborið við um 7,2 milljarða króna hagnað árið áður. Þetta er níutíu prósent samdráttur.

Í samstarf | Landsbankinn og Landsvirkjun hafa stofnað saman félagið HydroKraft Invest sem ætlað er að fjárfesta á erlendri grundu í verkefnum sem tengjast endurnýjanlegri orkuvinnslu.

Góð ávöxtun | Tryggingardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands skilaði 8,6 prósentu raunávöxtun á síðasta ári. Afkoma sjóðsins skýrist fyrst og fremst af hækkun á erlendum eignum.

Fimmföldun hagnaðar | Fasteignafélagið Stoðir skilaði tæplega 11,4 milljarða króna hagnaði á síðasta ári samanborið við tæplega 2,1 milljarðs króna hagnað ári fyrr.

Þrír keppa um uppgjör evruhlutabréfa

Deutsche Bank, eða annar erlendur banki, kann að keppa við Seðlabankann þegar kemur að uppgjöri í dagslok á hlutabréfum sem hér verða skráð í evrum.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Deutsche bank kemur samkvæmt heimildum Markaðarins til greina sem uppgjörsbanki í lok viðskiptadags vegna evruskráningar hlutabréfa hér. Sérstök samráðsnefnd vinnur að því að finna lausn á því hvernig haga á uppgjöri vegna fyrirtækja Kauphallarinnar sem kjósa að skrá bréf sín í evrum.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir þrjár leiðir færar, en eitt fyrirtæki hefur þegar tekið ákvörðun um að fara þessa leið og fleiri undirbúa hana. „Í fyrsta lagi væri hægt að fá að erlendan banka og koma þar ýmsir til greina, þar á meðal Deutsche bank. Síðan hefðum við líka getað farið leið í gegnum Danmörku þar sem við erum þegar með tengingu við dönsku verðbréfaskráninguna og yrði þá uppgjörið í evrum í Seðlabankanum þar. Loks er síðan sú leið að Seðlabanki Íslands tæki verkefnið að sér, en það væri trúlega að mörgu leyti hagfelldasta leiðin. Hins vegar á eftir að fara vandlega yfir þetta,“ segir Þórður og kveður mest um vert að búa þannig um hnúta að tryggilega sé að málum stæðið.

Seðlabankinn taldi fyrst í stað að hann hefði ekki heimild til að gera upp í annarri mynt en krónum. Guðmundur Kr. Tómasson, staðgengill

framkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabankans og formaður samráðsnefndar um samskipti verðbréfamistöðva, Kauphalla og Seðlabanka Íslands, segir uppgjörsmál í tengslum við evruskráningu hlutabréfa enn í skoðun og ákvörðun í málinu liggja ekki fyrir. Meðal annars segir hann verið að skoða mögulegt uppgjör innanlands, annaðhvort með aðkomu Seðlabankans eða innlends viðskiptabanka. „Verði sú leið farin þarf að tryggja að þetta uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til uppgjörskerfa,“ segir hann.

Uppgjörskerfi sem þessi eru tiltölulega flókin og vakna spurningar um hvort rekstur þess yrði hagkvæmur nema mörg fyrirtæki ákvæðu að færa bréf sín í evrum. Hin leiðin væri þá að færa uppgjörið úr landi.

Hluthafar Actavis hafa þegar samþykkt að færa hluta bréfa sinna yfir í evrur. Þá verður á aðalfundi Marels í mars lögð fyrir hluthafa á aðalfundi beiðni um að færa hlutafé í evrur. Friðrik Jóhannesson, forstjóri Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka, sagði nýverið á fundi að líklegt mætti telja að á aðalfundi bankans yrði farið fram á heimild til evruskráningar. Þá hefur Exista sótt um leyfi til ársreikningaskrár um að gera upp í evrum og ætlar að sækja á fundi hluthafa heimild til að færa hlutafé yfir í evrur. Þar á bæ hefur hins vegar ekki verið tekin ákvörðun um hvort heimildin verður nýtt.

Ísland fylgir munstri Evrópu

Óvinveittum yfirtökum fjölgar í Evrópu segir virtur sérfræðingur.

Ísland hefur á undanförnum árum fylgt sama munstri og Evrópa þegar kemur að yfirtökum og samrunum. Þetta er mat Dr. Ralph A. Walkling, prófessors við Drexel-háskóla í Filadelfíu. Walkling hefur rannsakað yfirtökur og samruna undanfarin þrjátíu ár og er talinn meðal fremstu fræðimanna heims á því sviði.

Walkling segir ástandið í Evrópu um þessar mundir minna um margt á Bandaríkin seint á níunda áratug síðustu aldar. Hann segir að óvinveittum yfirtökum

fari fjölgandi í Evrópu, þótt þær séu hvergi nærri eins algengar og þær voru í Bandaríkjunum á þeim tíma. Slíkum yfirtökum hafi hins vegar fækkað mjög á heimsvísu.

„Það eru margar leiðir til að skilgreina velgengi,“ segir Walkling, spurður um hvernig megi skilgreina vel heppnaða yfirtöku. „Til skamms tíma er samruni vel heppnaður ef markaðurinn bregst vel við félaginu sem á að yfirtaka og á hlutlausan hátt gagnvart því sem fer í sam-

runann. Á heildina litið eru flestir samrunar hagstæðir fyrir hluthafa og fleiri sem hagnast en tapa á þeim. Algengast er að hluthafar yfirtekinna félaga græði mest á samrunum. Hluthafar þeirra fyrirtækja sem greiða of hátt verð fyrir félög eru hins vegar þeir sem tapa oftast á þessu ferli.“

Walkling er staddur hér á landi í tilefni af íslenska þekkingardeginum sem Félag viðskipta- og hagfræðinga (FVH) stendur fyrir á morgun undir þemanu „Samrunar og yfirtökur“.

- hhs

120
1886-2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

USD 6,1%*

ISK 14,9%*

EUR 4,4%*

GBP 5,9%*

Markmið
Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibanka- markaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Peningabréf Landsbankans

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. janúar – 1. febrúar 2007

GENGISÞRÓUN		
	Vika	Frá áramótum
365	-3%	-19%
Actavis	-1%	9%
Alfesca	1%	-5%
Atlantic Petroleum	2%	13%
Atorka Group	6%	4%
Bakkavör	-1%	6%
FL Group	9%	28%
Glitnir	4%	17%
Hf. Eimskipafélagið	10%	4%
Kaupþing	0%	17%
Landsbankinn	-1%	18%
Marel	3%	-1%
Mosaic Fashions	0%	-7%
Straumur	7%	18%
Össur	16%	8%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Vatnasafn í Stykkishólmi

Fulltrúar Straums-Burðaráss, FL Group og Olíufélagsins ásamt fulltrúa Artangel-listastofnunarinnar í Bretlandi skrifuðu í gær undir samning um uppsetningu á Vatnasafni bandarísku listakonunnar Roni Horn í Stykkishólmi. Fyrirtækin leggja 13,5 milljónir króna til safnsins sem gert er ráð fyrir að verði opnað 5. maí.

Auk fyrirtækjanna standa menntamála-ogsamgönguráðuneyti, Artangel-listastofnunin í Bretlandi, Stykkishólmsbær og Roni Horn að verkefninu.

Vatnasafnið verður í gamla Amtsbókasafninu á

Þinghúshöfða. Á aðalhæð verður varanleg innsetning eftir Roni Horn sem samanstendur af 24 glersúlum sem ná frá gólfi til lofts en í þeim er ákveðið magn af vatni sem fengið er úr helstu jöklum landsins. Þá hefur Roni hljóðritað veðursögur um það bil eitt hundrað Snæfellinga. Í kjallara hefur verið innréttað íbúð og vinnuaðstaða fyrir rithöfunda.

Roni Horn er ein þekktasta listakona samtíðarinnar og hefur dvalið hér reglulega síðasta aldarfjórðunginn.

- job



RONI HORN

Skoða skráningu Glitnis í erlenda kauphöll

Stjórnendur Glitnis hafa haft það til skoðunar að skrá bankann í erlenda kauphöll. „Slik skráning hefur marga kosti í för með sér fyrir félagið og munu stjórnendur bankans vega þá og meta vandlega á komandi mánuðum,“ sagði Einar Sveinsson, formaður stjórnar Glitnis, í ræðu sinni á aðalfundi bankans í gær.

Hann vék enn fremur að útliti efnahagsmála á tveimur heimamörkuðum bankans, Íslandi og Noregi. „Fyrstu vísbendingar

eru þegar fyrir hendi um að nú hægi á hjólum [íslenska] hagerkerfisins,“ sagði Einar en bætti við að útlit væri fyrir nokkuð mjúkri lendingu efnahagslífsins á árinu. Um Noreg sagði hann að góðærissskeiðið virtist hafa náð hámarki og þótt útlit sé fyrir að hagvöxtur verði minni í ár en í fyrra verði hann vel viðunandi. Aðstæður á norskum fjármálamarkaði eru ákjósanlegar og ekki útlit fyrir miklar breytingar í þeim efnun.

- eþa

Gengið skrefi lengra í að verðleggja áhættu

Fjármálaeftirlitið vinnur að innleiðingu Basel II reglna.

Basel II reglurnar nýju sem ná til fjármálaþingvæðinga og snúa að eiginfjárröfu og áhættugrunni þeirra geta haft í för með sér breytingu á álagningu ofan á grunnkjör viðskiptamanna bankanna. Fjármálaeftirlitið vinnur að innleiðingu reglnanna og undirbýr breytingu á lögum.

Í nýjasta tölublaði Fjárfstýringar sem IFS Ráðgjöf gefur út kemur fram í viðtali við Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins, að undirbúningsvinna vegna innleiðingar Basel II reglnanna hafi verið mikil undanfarin tvö ár, en að nú sjái fyrir endann á setningu helstu reglna og leiðbeinandi tilmæla. Hann segir meginhugmyndina að baki reglunum að lögbinda ákveðið lágmark eiginfjár fjármálaþingvæðinga þannig að þau geti þolað talsverð fjárhagsleg áföll án þess að þau lendi



KRULLAÐ Í BASEL Breyttar reglur um fjármálaþingvæðinga sem verið er að innleiða hér eru kenndar við Basel í Sviss. Þar fór fyrir áramót fram heimsmeistararnótin í krulli.

MARKAÐURINN/APP

í greiðsluþroti.

Nýju reglurnar ganga skrefinu lengra í að verðleggja áhættu rétt og eru í samræmi við áhættu sem viðskiptavinir fjármálaþingvæðinga tengjast. Að sögn Ragnars getur það haft í för með sér meiri álagningu ofan á grunnkjör verri viðskiptamanna en verið hefur og minni fyrir þá betri.

- óka

Þrír fjárfestar hagnast yfir tuttugu milljarða króna

Virði hlutabréfa í eigu Bakkabræðra, Existu og Samson aukast verulega frá áramótum. Samtals er gengishagnaður Björgólfsfeðga tæpir 32 milljarðar.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Eigendur stærstu fyrirtækja í Kauphöllinni hafa hagnast gríðarlega á miklum hækkunum í fjármálaþingvæðingum og fjárfestingafélögum á árinu. Gengishagnaður þriggja fjárfesta er kominn yfir tuttugu milljarða króna frá áramótum. Þetta eru Bakkabræður Holding, stærsti hluthafinn í Existu, Exista, sem er stærst í Kaupþingi, og Samson eignarhaldsfélag, stærsti eigandi Landsbankans. Hafa ber í huga að hér er um að ræða óinnleystan hagnað sem kann að lækka eða hækka eftir því hvernig hlutabréfamarkaðurinn þróast.

Bakkabræður Holding B.V., félag í eigu Ágústs og Lýðs Guðmundssona, hefur hagnast mest, um 29,3 milljarða króna frá áramótum, en Exista hafði hækkað um fjórðung á árinu við lokun markaða á mánuðaginn.

Þeir bræður halda utan um 47 prósent hlut í Existu sem á svo 23 prósent í Kaupþingi. Hlutur stærsta hluthafans í Kaupþingi hefur hækkað um rúma 24 milljarða í virði það sem af er ári.

Samson eignarhaldsfélag, sem á yfir 41 prósent hlut í Landsbankanum, hefur hagnast um 21,9 milljarða króna á eignarhlut sínum í bankanum. Feðgarnir Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson fara einnig fyrir Samson Global Holding, stærsta hluthafanum í Straumi-Burðarási, sem er með óinnleystan hagnað upp á 9,7 milljarða frá áramótum. Samtals hafa feðg-



BAKKABRÆÐUR, ÁGÚST OG LÝÐUR GUÐMUNDSSYNIR Hagnast um 29 milljarða á 47 prósent hlut í Existu.

arnir því hagnast um 31,6 milljarða.

Til viðbótar á Björgólfur Thor sem 35 prósent í Actavis í gegnum Amber International; hluturinn hefur hækkað um tæpa 6,5 milljarða á árinu.

Stærstu hluthafarnir í FL Group og Glitni hafa einnig hagnast vel. FL er stærst í Glitni með yfir þrjátíu prósent hlut sem hefur aukist um 16,9

milljarða að verðmæti og þá hefur hlutur Milestone hækkað um rúma ellefu milljarða.

Gengishagnaður Hannesar Smárasonar í Oddaflugi, Baugs Group og Gnúps fjárfestingafélags, þriggja stærstu hluthafanna í FL, er um 9,7-11,2 milljarðar króna. Ekkert félag hefur hækkað að meira á árinu en FL Group en bréf felagsins höfðu hækkað um 28 prósent frá ársbyrjun á mánuðaginn.

Norska ríkið selur hlutabréf í Storebrand

Gengishagnaður Kaupþings nokkur frá áramótum.

Folketrygðfondet, opinber lífeyrissjóður í Noregi, hefur verið að minnka eignarhlut sinn í norska tryggingafélaginu Storebrand. Sjóðurinn átti 6,7 prósent þann 9. febrúar sem var hálfu prósentustigi minna en í byrjun mánaðarins.

Í nóvember átti lífeyrissjóðurinn um tíu prósent hlutfjár í Storebrand og var þá stærsti hluthafinn í norska fjármálaþingvæðingunni.

Vangaveltur hafa verið uppi um hvort Kaupþing ráðist í yfirtöku á Storebrand, hugsanlega í slag-togi við Existu. Eftir því sem næst verður komist á Kaupþing nýu prósent hlut sem metinn er á yfir tuttugu milljarða króna. Hlutabréf í Storebrand hafa hækkað um tæp tíu prósent frá byrjun ársins. Ætla má að gengishagnaður Kaupþings á þessum tíma sé um 1,8-1,9 milljarðar króna.

- eþa

◇	A	B	C	D	E	F
1						
2						
3						
4						
5						
6						
7						
8						
9						
10						
11						
12						
13						
14						
15						
16						
17						
18						
19						

HALIFAX + BERGEN
+ GAUTABORG
= 3 NÝIR ÁFANGASTAÐIR

+ Nánari upplýsingar og bókanir á www.icelandair.is

07 70ÁR Á FLUGI

Ný viðskiptatækifæri erlendis og aukin starfsemi og samskipti íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum markaði kalla á fjölbreytilegri ferðamöguleika. Þess vegna býður Icelandair í vor þrjá nýja áfangastaði, Halifax í Nova Scotia, Bergen á vesturströnd Noregs og Gautaborg á vesturströnd Svíþjóðar.

Verið velkomin um borð á vit nýrra tækifæra.



WWW.ICELANDAIR.IS

Langflottastur!

Hinninn og hat / SIA

SPRON Verðbréf
Peningamarkaðssjóður SPRON
15,3% ávöxtun*



Langhæsta ávöxtunin

Eins og sjá má var ávöxtun SPRON Verðbréfa einu orði sagt framúrskarandi eða **15,3%.***

Um er að ræða **Peningamarkaðssjóð SPRON**, en markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hentar hann því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en fá samt stöðuga ávöxtun. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er laus samdægurs.

Kynntu þér málið nánar á **www.spronverdbref.is**


VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 1. september 2006 til 1. febrúar 2007 uppreiknað á ársgrundvelli.

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.

Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

HUGTAK VIKUNNAR

Með flöggun eða flöggunarskyldu

er átt við þegar atkvæðisréttur eða eignarhlutur í félagi sem skráð er í Kauphöll Íslands fer undir eða yfir ákveðin mörk og skylt að tilkynna það Kauphöllinni og viðkomandi hlutafélagi. Kveðið er á um flöggunarskylduna í lögum um verðbréfavíðskipti frá árinu 2003 og hún sögð eiga við um verulegan hlut. „Með verulegum hlut í lögum þessum er átt við 5 prósent atkvæðisréttar eða nafnverðs hlutafjár, og margfeldi þar af, allt að 90 prósentum,“ segir í lögnum.



Eignir heimila jukust í janúar

Eignir heimilanna jukust um 2,3 prósent að raunvirði í janúar miðað við eignaverðsvísitölu Greiningardeildar Kaupþings. Greiningardeildin bendir á það í Hálfmífréttum sínum að tólf mánaða raunbreyting vísitölunnar nemur nú 1,7 prósentum en hún hafi numið 1,4 prósentum í síðasta mánuði. Er það minnsta raunbreytingin til þessa í yfirstandandi hagsveiflu, að sögn deildarinnar. Eignaverðsvísitala greiningardeildarinnar samanstendur af fasteigna-, hlutabréfa- og skuldabréfaverði. Mestu munar nú um 2,3 prósentu hækkun íbúðaverðs auk 10 prósentu hækkunar á



FJÖLBÝLISHÚS Greiningardeild Kaupþings segir verstu niðursveifluna líklega gengna yfir enda hafi eignir heimilanna aukist að raunvirði um 2,3 prósent í síðasta mánuði miðað við eignaverðsvísitölu bankans.

MARKAÐURINN/VALLI

gengi hlutabréfa í mánuðinum. Hlutabréfaverð er reyndar sá hluti eingaverðsvísitölunnar, sem minnst vægi hefur, að sögn grein-

ingardeildarinnar. Á móti hækkuninni lækkaði verð skuldabréfa en ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa er í hæstu hæðum um þessar mundir. Til samanburðar bendir greiningardeildin á að í síðustu niðursveiflu árið 2001 hafi tólf mánaða breyting eignaverðsvísitölunnar farið niður í tæplega 10 prósentu samdrátt. Skrifist það á lækkunir á flestum eignamörkuðum samfara verðbólguþekki. Lægsta gildi vísitölunnar nú er hins vegar einungis 1,4 prósent og mun það versta vera yfirstaðið í þessari niðursveiflu, að mati greiningardeildar Kaupþings.

- jab

Mæla með Straumi

Greiningardeild Landsbankans hefur gefið út uppfært verðmat fyrir Straum-Burðarás. Deildin segir Straum-Burðarás hafa náð öllum markmiðum sínum á síðasta ári og mælir með því að fjárfestar kaupi bréf í bankanum. Í fyrra mati bankans var vænt verð á gengi bréfa í bankanum 20,1 króna á hlut og mælt með því að fjárfestar héldu í bréf sín. Í matinu nú segir að bankinn hafi meðal annars skilað góðum hagnaði auk þess sem árið lofi góðu. Er mælt með kaupum á bréfum í Straumi og gert ráð fyrir að gengi bréfa verði 236 krónur á hlut.

- jab

Rós í hnappagatið

Tom Hunter og Baugur eignast brátt Blooms og eru nú með 123 garðvöruverslanir á sínum snærum.

Sir Tom Hunter, Baugur Group og aðrir viðskiptafélagar í fjárfestahópnum West Coast Capital Floris, sem stóðu að yfirtöku á Wyvale Garden Centres í júní í fyrra, bættu annarri breskri blómakedju í safnið í síðustu viku þegar þeir lögðu fram formlegt yfirtökutilboð í garðvöruverslanakeðjuna Blooms of Bressingham. Kaupverðið nemur þrjátíu milljónum sterlingspunda, jafnvirði 3,9 milljörðum króna.

Hugsanlegt er talið að Blooms og Wyevale verði sameinuð í eitt en samtals ræður WCC Floris nú yfir 123 garðvöruverslunum. Horft er fram á mikla samþjöppun á breskum garðvöruverslunum. Fjárfestateymið gæti komið mikið við sögu því til viðbótar á það 29,9 prósent í Flying Brands, netvöruverslun með garðvörur, og átta prósent í garðvöruverslanakeðjunni Dobbies Garden.

Getgátur hafa verið uppi um að WCC Floris ráðist líka í yfirtöku á Dobbies en gengi hlutabréfa í síðarnefnda félaginu hefur rokið



BÆTA VIÐ SIG BLÓMUM WCC Floris er við það að eignast Blooms.

upp á síðustu dögum.

Einnig telja menn töluverð verðmæti liggja í fasteignum og lóðum sem annaðhvort mætti byggja á eða selja til fjárfesta. Hunter hefur sjálfur hagnast gríðarlega á fasteignaviðskiptum. Þannig er markaðsvirði Dobbies litlu hærra en bókfært virði seljanlegra eigna.

En einnig er horft fram á töluverðan vöxt í geiranum. Í Sunday Telegraph er bent á sívaxandi hóp fólks 65 ára og eldra sem býr yfir auknum kaupmætti. Þannig hefur samanlagður kaupmáttur þessa hóps sjöfaldast á síðustu tuttugu árum.

- eþa

Þorskur enn í toppsætinu

Framboð var ágætt á fismörkuðum landsins í síðustu viku. Seld voru 2.570 tonn af fiski samanborið við 3.164 tonn í vikunni á undan. Meðalverðið stóð í 164,96 krónum á kíló af fiski, sem er 5,27 króna lækkun á milli vikna. Þetta jafngildir því að fiskur hafi selst fyrir 424 milljónir króna í vikunni, að sögn skipa.is, vefs Fiskifrétta.

Þorskur var söluhæsta tegundin aðra vikuna í röð en í þarsíðustu viku náði hann

toppsætinu af ýsu sem hafði vermt það svo mánuðum skipti. Alls seldust 924 tonn af þorski á mörkuðunum og fékkst 258,46 króna meðalverð fyrir kíló af slægðum þorski.

Þá var mikið framboð af ýsu eða 846 tonn miðað við 1.227 tonn í vikunni á undan og fékkst 149,30 króna meðalverð fyrir kíló. - jab

RISAPÖRSKUR Þorskur var mest selda fisktegundin á fiskmörkuðum í síðustu viku, aðra vikuna í röð.



Marel vill borga, Stork ekki

Stjórnarformaður Marels segir fyrirtækið tilbúið að borga töluvert yfirverð fyrir Stork Food Systems í Hollandi. Móðurfélagið, Stork N.V. vill á móti kaupa Marel.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Óformlegar viðræður Marels og Stork fyrirtækjasamstæðunnar í Hollandi hafa haldið áfram. Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marels, greindi frá því á fundi fyrir fjárfesta fyrir helgi að Stork hefði ítrekað áhuga sinn á að kaupa Marel.

Viðræðurnar hafa ekki verið færðar á formlegt plan, enda á stjórn Stork í slag um stefnu við stærstu hluthafa félagsins. Viðskiptadómstóll í Hollandi skipaði í janúar sérstaka tilsjónarmenn sem leiða eiga deiluna til lykta á næstu fimm mánuðum.

Árni Oddur segir að þótt hreyft hafi verið við hugmyndum um að Stork N.V. kaupi Marel horfi dálítið öðruvísi við áhugi Marels á að kaupa Stork Food Systems, sem er matvælavinnsluvélahluti samstæðunnar. „Munurinn á okkur og þeim er að þeir eru ekki tilbúnir að borga fyrir Marel á meðan við erum tilbúnir að borga fyrir Stork,“ segir Árni Oddur og telur 50 prósent yfir núverandi markaðsvirði bréfa Stork ekki of hátt verð fyrir fyrirtækið. Hann segir að samlegðaráhrif starfsemi fyrirtækjanna réttlæti verðið.

Árni Oddur áréttar að gott samstarf Marel og Stork Foods, sem staðið hafi í átta ár haldi áfram og hafi sjaldan verið betra á sölu- og markaðssviði, þótt ef til vill hafi aðeins dregið úr því á sviði rannsóknar- og þróunar.

Marel hefur kosið að standa fyrir utan deilur stærstu hluthafanna í Stork, bandarísku fjárfestingasjóðanna Centaurus og Paulson, við stjórn félagsins og benti Árni Oddur á að lítið mál hefði verið að keyra upp einskiptiskostnað félagsins á síðasta ári með því að hella sér í slaginn. „Sjóðirnir eru hins vegar á fullu í þessu með her



KYNNINGARFUNDUR HJÁ MAREL Fjárfestar og starfsmenn greiningardeilda voru meðal þeirra sem sóttu kynningarfund Marels fyrir helgi, en hann var haldinn í tengslum við ársuppgjör félagsins.

MARKAÐURINN/GVA

lögfræðinga, enda snýst málið orðið um virðingu þeirra og þeir ætla að hafa betur.“ Hann segir hins vegar lausnina á deilunni liggja í augum uppi. „Hún er náttúrulega að selja Stork Foods til Marel og láta rannsóknina sem hafin er niður falla,“ segir hann glaðhlakalega, en er ekkert mjög bjartsýnn á að sú leið verði farin miðað við þann hnút sem deilan er komin í.

Slagurinn hófst í október þegar samþykkt var á sérstökum hluthafafundi að selja jaðarstarfsemi frá Stork, en þar undir fellur Stork Foods. Stjórn fyrirtækisins hafði álit meirihluta hluthafa að engu. Bandarísku sjóðirnir gerðu þá tilraun til að koma stjórninni frá, en málið endaði á borði viðskiptadómstóls í Amsterdam sem skipaði í janúar sérstaka tilsjónarmenn í stjórn Stork til að leiða deiluna til lykta á hálfu ári.

UMFJÖLLUN Á FORSIÐU Ítarlega hefur verið fjallað um áhuga Marels á að kaupa Stork Food Systems í hollenskum fjölmiðlum. Hér getur að líta umfjöllun í Het Financieele Dagblad í haust þegar deilur stjórna Stork og stærstu hluthafa félagsins voru að taka á sig mynd.



Olga „Jón“ Þórðardóttir – Starfsmaður Jóna Transport

Jón sér um málið

Hjá Jónum Transport bjóðum við upp á alhliða þjónustu varðandi inn- og útflutning. Við komum sendingunum örugglega frá upphafsstað til endastöðvar, í sjó- eða flugfrakt, ásamt tilheyrandi pappírsvinnu. Þú bara hringir og Jón sér um málið.

Jónar Transport

„Hann kompælar, diffar, greppar og straujar!“

Arna er eiginkona eins af tæknimönnum Nýherja. Hún skilur ekki alltaf hvað eiginmaðurinn gerir í vinnunni enda sérhæfing hans á sviði upplýsingatæknilausna slík að aðeins fáir skilja. Annars væri það ekki sérþekking.

Eiginmaður Örne og samstarfsfólk hans leggur metnað sinn í að nýta þekkingu sína til að auka ávinninginn fyrir þig og fyrirtæki þitt. Það er þeirra fag.

P.S. Samband Örne við eiginmann sinn er til fyrirmyndar þrátt fyrir að hann eigi það til að tala tungum í hennar eyru. Henni finnst þó jákvætt að hann skuli líka „strauja“ í vinnunni.



Himinn og haf / SJA

Nýherji er markaðsdrifið þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í framsæknum lausnum á sviði upplýsingatækni. Hlutverk fyrirtækisins er að skapa virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Með frábæru starfsfólki, betri lausnum og góðri samvinnu skapast forskot sem viðskiptavinir okkar þekkja.


NÝHERJI

Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | Fax 569 7799 | nyherji@nyherji.is | nyherji.is

Skoða sölu á Chrysler

Fjöldi fyrirtækja um víða veröld hefur sýnt áhuga á að kaupa Chrysler-hluta bandarísk-pýska bílaframleiðandans DaimlerChrysler samkvæmt Wall Street Journal.

Starfsemi Chrysler og þýska bílaframleiðandans Daimler-Benz rann í eina sæng árið 1998. Framleiðsluarmur Chrysler í Banda-ríkjunum hefur hins vegar verið í járnum frá upphafi og baggi á sameinuðu fyrirtæki.

Bílaframleiðandinn greindi frá því í síðustu viku að tap fyr-

irtækisins í fyrra jafngilti 11 milljörðum íslenskra króna og hefði það ákveðið að segja upp 13.000 manns í Bandaríkjunum og Kanada og loka einni verksmiðju. Þá var velt upp ýmsum hagræðingarmöguleikum.

Fréttaveitan Reuters segir bandarísku bílasmiðina hjá General Motors hafa átt í viðræðum við stjórn DaimlerChrysler. Geti viðræðurnar falið í sér hugsanleg kaup á Chrysler-armi samstæðunnar eða samstarf á sviði bílaframleiðslu. - jab



AIRBUS A380 Flugvélaframleiðandinn Airbus hefur ákveðið að veita afslátt af verði flugvéla vegna tafa á afhendingu A380-risapötanna.

Airbus veitir afslátt

Evrópski flugvélaframleiðandinn Airbus hefur ákveðið að veita tailenska flugfélaginu Thai Airways afslátt af átta A330 farþegapötum frá Airbus. Ástæðan er tafir á afhendingu A380 risapötanna, sem er tveimur árum á eftir áætlun. Thai Airways hafði pantað sex risapötur frá Airbus en hótaði að draga kaupin til baka ef flugvélaframleiðandinn veitti flugfélaginu ekki afslátt.

Flugfélagið átti upphaflega að fá risapöturnar afhentar eftir tvö ár en allt stefnir nú í að af því verði ekki fyrr en árið 2011.

Tafir á afhendingu A380 risapötanna hafa sett Airbus í talsverðan vanda. Nokkur flugfélög hafa hótað að hætta við kaup

á risapötunum. Þá hafa nokkur flugfélög dregið kaup á þotunum til baka. Þar á meðal er bandaríska þjónustufyrirtækið FedEx.

Afsláttur flugfélagsins nemur tíu milljónum bandaríkjadala, jafnvirði 683,4 milljóna íslenskra króna, fyrir hverja vél. Ein farþegapota af gerðinni A330 kostar þá Thai Airways, að afslættinum meðtöldum, um 90 milljónir Bandaríkjadala, rúman 6,1 milljarð íslenskra króna.

Stjórn Airbus ætlar að kynna viðamikla hagræðingu í rekstri fyrirtækisins í næstu viku. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið segi upp allt að 57.000 starfsmönnum í Frakklandi, Þýskalandi og Bretlandi. - jab

Færri tóku tappann úr flöskunni

Áfengisdrykkjaframleiðandinn Diageo skilaði 1,3 milljarða punda hagnaði á síðasta ári. Það svarar til 172 milljarða íslenskra króna, sem er öllu betri niðurstaða en stjórnendur fyrirtækisins höfðu gert ráð fyrir. Svo svartsýnir voru þeir að tilefni þótti til að senda neikvæða afkomuviðvörðun frá fyrirtækinu vegna hugsanlegs samdráttar í sölu á áfengum drykkjum í fyrra.

Diageo er einn stærsti áfengisframleiðandi í heimi en af færibandi fyrirtækisins renna drykkir á borð við Smirnoff vodka, Johnnie Walker viskí, Gordon's gin og Guinness bjór.

Sala á Guinness dróst nokkuð saman í Evrópu vegna hlýinda en mesti samdráttur var á Írlandi. Salan jókst hins vegar í Norður-Ameríku, Suður-Ameríku og í Asíu.

Nick Rose, fjármálastjóri Diageo, segir í samtali við fréttastofu Reuters að sala á Johnnie Walker hafi aukist um þrettán prósent í fyrra en það ýtti undir meðaltalssöluna og dregið úr áhrifum samdráttar í sölu annarra drykkja. Heildarsamdrátturinn nam þó sjö prósentum, að hans sögn. Rose útilokar hins vegar ekki að samkeppnin verði hörð á þessu ári auk þess sem útilit sé fyrir að dragi úr drykkju í framtíðinni, ekki síst í Evrópu. - jab



BARMAFULLT GLAS AF GUINNESS Áfengisframleiðandinn Diageo, sem meðal annars framleiðir Guinness-bjórinn, segir hlýindi í Evrópu hafa dregið úr bjórdrykkju í fyrra.

Sættir í risaskattamáli Merck & Co

Stjórn bandaríska lyfjarisans Merck & Co, eins af stærstu lyfjafyrirtækjum í heimi, hefur náð samkomulagi við bandarísk skattayfirvöld um greiðslu ógreiddra skatta á árabílinu 1993 til 2001. Greiðslan, með vöxtum og álögðum kostnaði, nemur 2,3 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði 155,8 milljörðum íslenskra króna. Þetta er önnur stærsta einstaka skattgreiðsla sögunnar.

Greiðslan mun ekki hafa áhrif á afkomutölur lyfjarisans á þessu ári þar sem fyrirtækið gerði ráð fyrir að þurfa að greiða skattana og lagði fjármuni í sérstakan sjóð vegna þessa, að sögn Merck.



RICHARD T. CLARK, FORSTJÓRI MERCK Bandaríski lyfjarisinn Merck & Co hefur sæst á að greiða tæplega 156 milljarða króna í eftirágreidda skatta. Þetta er önnur stærsta skattgreiðsla sögunnar. FRÉTTABLAÐID/AFP

Dregist hefur að greiða skattana, sem eru til komnir meðal annars vegna samstarfs Merck við fjölda aðila sem horft var til að

myndi lækka tekjuskattsálögur fyrirtækisins.

Merck hafði reyndar búist við að þurfa að greiða allt að 3,8 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 257,4 milljarða íslenskra króna, bæði í Bandaríkjunum og í Kanada. Ef það hefði verið raunin væri það stærsta einstaka skattgreiðsla sögunnar.

Engu að síður er þetta næststærsta skattgreiðsla. Metið á breski lyfjaframleiðandinn Glaxo-SmithKline Holding, sem greiddi 3,4 milljarða dala, jafnvirði 230 milljarða íslenskra króna, í eftirágreidda skatta í september í fyrra. - jab

Hart barist í Bretlandi

Breska verslanakeðjan Sainsbury er eitt heitasta umfjöllunarefni fjölmiðla í Bretlandi vegna orðróms um yfirtöku.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Gengi hlutabréfa í bresku matvörukeðjunni Sainsbury hækkaði um tvö prósent í bresku kauphöllinni í Lundúnum (LSE) í byrjun vikunnar eftir að tveir fjárfestingasjóðir frá arabaríkinu Katar höfðu bæst í hóp þeirra sem hug hafa á að kaupa ráðandi hlut í keðjunni og yfirtaka rekstur hennar. Verði af viðskiptunum verða þetta stærstu fyrirtækjakaup í Evrópu.

Sjóðirnir, sem báðir eru í eigu Katarríkis, eru sagðir geta fjárfest fyrir allt að 40 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 2.700 milljarða íslenskra króna. Ekki liggur fyrir hversu stóra sneið af Sainsbury sjóðirnir hyggjast festa sér. Breska dagblaðið The Sunday Telegraph hafði eftir Hamad bin Jasim bin Jaber al-Thani, utanríkisráðherra Katar og forstjóra sjóðanna, að málið væri í skoðun enda verslanakeðjan áhugaverður kostur. Yrði af kaupum væri um langtímafjárfestingu að ræða.

Sjóðirnir eru sömuleiðis sagðir hafa skoðað kaupin í samstarfi við stjórn bresku verslanakeðjunnar Marks & Spencer. Stuart Rose, forstjóri Marks & Spencer, vísaði því á bug í breskum fjölmiðlum um helgina og sagði fyrirtækið hafa næga getu til að fara eitt í yfirtöku á Sainsbury.

Orðrómur hefur verið uppi í hálfan mánuð um að yfirtaka á



EIN VERSLUN SAINSBURY Í LUNDÚNUM Gengi hlutabréfa í bresku matvörukeðjunni Sainsbury hefur hækkað um þrettán prósent á rúmum hálfum mánuði vegna áhuga fjárfesta á yfirtöku hennar. MARKAÐURINN/AFP

Sainsbury væri í bígerð. Á meðal fjárfestanna eru bandaríski sjóðurinn Blackstone Group, fjárfestingarfélagið Kohlberg Kravis Roberts & Co. og CVC Capital Partners. Fjárfestingasjóðirnir hafa allir tilkynnt formlega að þeir séu að skoða kaup í keðjunni. Yfirtökuáformin hafa hækkað gengi matvörukeðjunnar um heil 13 prósent og stendur það nú í um 514,25 pensum á hlut. Þetta jafngildir því að markaðsvirði Sainsbury standi í 8,7 milljörðum punda, jafnvirði ríflega 587 milljarða íslenskra króna.

Sainsbury-keðjan var stofnuð árið 1869 og rekur 769 verslanir víðs vegar um Bretland. Hún var stærsta matvörukeðja landsins allt fram til 1995 þegar samkeppni jókst á matvörumarkaði. Þótti keðjan bregðast seint við lakkandi vöruverði, með þeim afleiðingum að viðskiptavinum fækkaði. Hún situr nú í þriðja sæti yfir stærstu verslanakeðjur landsins á eftir Asda, sem er í eigu bandaríska verslanarísans Wal-Mart, og Tesco, sem trónað hefur á toppnum síðastliðin tólf ár.

Simbabve slær verðbólgu

Verðbólgan í Afríkuríkinu Simbabwe rauk í methæðir í síðasta mánuði þegar hún mældist 1.593,6 prósent á ársgrundvelli. Sé litið til hækkunar á milli mánaða jókst verðbólgan um 45,4 prósentustig frá því í desember. Að sögn hagstofu Simbabve munar mestu um hækkun á rafmagns-, gas- og öðru orkuverði milli mánaða.

Verðbólga er hvergi jafn mikil í dag og í Simbabwe en hún stóð í um 1.200 prósentum um mitt síðasta sumar.

Breska ríkisútvarpið bendir á að ástandið í efnahagsmálum sé ekki gott í Simbabwe. Atvinnuleysi mælist um 80 prósent. Skortur á matvælum og eldsneyti er viðvarandi auk þess sem verð á lækniþjónustu, samgöngubáttum og annarri vöru hefur snarhækkað. Til að bæta gráu ofan á svart hafa lækningar og hjúkrunarkonur landsins verið í allsherjarverkfalli í um mánuð. Fyrir skömmu bættust



ROBERT MUGABE Verðbólga mældist tæp 1.600 prósent í Afríkuríkinu Simbabwe í síðasta mánuði. Þetta er um 400 prósentustiga hækkun frá miðju síðasta sumri. FRÉTTABLAÐID/AFP

háskólakennarar í hópinn.

Stjórnarandstæðingar kenna Robert Mugabe, forseta landsins, sem haldið hefur um flesta stjórnartauma frá 1980, um ástandið. Mugabe, sem fyrir nokkrum árum rak hvíta bændur

af jörðum sínum í Simbabwe og tók þær eignarnámi, segir hins vegar Vesturlöndum um að kenna. Hafi þau lagt efnahag landsins í rúst með refsiaðgerðum sem þau beittu í mótmælaskyni við aðgerðir hans. - jab



HP Á HEIMSINS STÆRSTA AÐDÁENDAKLÚBB!

100 MILLJÓNIR LASERJET PRENTARA HAFA TRYGGT STÓRA
OG SMÁA SIGRA Á SKRIFSTOFUGÖNGUM UM ALLAN HEIM!

Það eru margar góðar ástæður fyrir brosum á andlitum HP LaserJet notenda. Ein af þeim er sú að þeir vita að þeir geta stólað á prentarann. Í 23 ár hefur HP sett viðmiðið í rekstaröryggi, nýsköpun, þjónustu og notendavænleika. Í stuttu máli sagt hefur HP verið í forystu í prentaratækni sem tryggir að viðskiptavinir okkar fá sem besta nýtingu út úr prenturum og sem mest fyrir peninginn. Kynntu þér einstaka eiginleika HP LaserJet prentaranna og mismunandi kosti þess að vera með hágæðaprentara á skrifstofunni þinni. Farðu inn á www.ok.is/HPklubbur strax í dag. Við erum viss um að þú verður fyrr en varir orðinn hluti af heimsins stærsta aðdáendaklúbbi.

NÚ ERU VALDIR HP LASERJET PRENTARAR Á TILBOÐSVERÐI



Farðu inn á www.ok.is/HPklubbur
og kynntu þér einstaka HP LaserJet prentara

OPIN KERFI

Hægt að lengja lífið með líffærum

Hópi vísindamanna við Tókýó-háskóla í Japan hefur tekist að rækta agnarsmáar tennur á rannsóknarstofu og græða þær í tilraunamýs. Fyrstu niðurstöður benda til að tilraunin hafi tekist vel enda hafi tennurnar gróðið fastar í músunum og haldið áfram að vaxa líkt og þær væru þeirra eigin. Þetta afrek er talið auka líkurnar á því að hægt verði að rækta heilbrigð líffæri á rannsóknarstofum og græða þau í fólk sem þurfi á slíku að halda.

Fréttastofa Reuters hefur eftir vísindamönnunum að þeir horfi til þess að í framtíðinni verði hægt að rækta upp einstaka líkamshluta og græða þá á fólk sem hafi misst útlím eða líffæri í slysi eða vegna veikinda.

Þá segja vísindamennirnir ekki loku fyrir það skotið að

hægt verði að lengja líf fólks með ígræddum líffærum og útlímum. Sjá þeir fyrir sér að fólk geti orðið 150 ára og jafnvel eldra. Það fari þó allt eftir hverjum og einum en mikilvægast sé að viðkomandi sé heilbrigður í flestu. Heilbrigður lífsstíll stuðli ekki aðeins að því að líkurnar aukist á því að viðkomandi geti lifað betra og lengra lífi heldur verði líkami hans sterkari þegar komi að því að græða í hann ný líffæri.

MÚS Vísindamönnum hefur tekist að rækta tennur og græða þær í mýs með góðum árangri. MARKAÐURINN/AFP



ELDHEITUR CHILI-PIPAR Fornleifafræðingar segja sögu hins rötsterka chili-pipars 1.000 árum lengri en áður var talið.

Eldpipar í fornum réttum frumbyggja

Fimmtán fornleifafræðingar frá Bandaríkjunum og Kanada, sem rannsakað hafa íverustaði frumbyggja í Mið-Ameríku á vegum bandarísku Smithsonian-stofnunarinnar, segja margt benda til að fornar menningarþjóðir syðra hafi ræktað chili, eða eldpipar, sem þeir skáru niður og krydduðu mat sinn með fyrir allt að 6.100 árum. Sé þetta raunin hófst saga eld-

piparsins 1.000 árum fyrr en áður var talið.

Fornleifafræðingarnir birtu niðurstöður rannsókna sinna í bandaríska vísindatímaritinu Science í síðustu viku um þetta elsta krydd í veröldinni.

Að sögn vísindamannanna á talsvert meira eftir að rannsaka mataræði fornra menningarþjóða grundvallað á þessari þekkingu.

Vísbendingar um vatn á Mars

Miklar líkur eru á að vatn hafi eitt sinn flætt um sprungur undir yfirborði rauðu plánetunnar Mars. Þetta segir hópur vísindamanna við nokkra af helstu háskólum Bandaríkjanna í grein sem þeir birtu undir lok síðustu viku í vísindatímaritinu Science.

Vísindamennirnir drógu ályktunina af línun á yfirborði plánetunnar sem komið hafa í ljós á háskerpumyndum af plánetunni sem geimfar frá geimvísindastofnun Bandaríkjanna, NASA, hefur sent til jarðar frá síðasta hausti. Á myndunum getur að líta rákir utan í gljúfurveggjum á Mars. Vísindamennirnir segja að rákirnar hafi myndast þegar vatn lak niður veggina. Þá bæta þeir um betur og segja rákirnar benda til að vatn hafi runnið í stríðum straumi á plánetunni fyrir milljónum ára. Því geti yfirborð Mars að mörgu leyti hafa einhvern tíma líkst yfirborði jarðar, að þeirra mati.



YFIRBORD MARS Vísindamenn í Bandaríkjunum segja stærkar vísbendingar hafa komið fram um að vatn hafi runnið á Mars fyrir milljónum ára. MARKAÐURINN/AFP

Ómannaðar geimferðir til Mars hafa fram til þessa leitað við að leiða einmitt þetta í ljós, að leita vatns og vísbendinga um hvort líf hafi getað þrífist þar.

Tilbúinn fyrir geimferð

Ásókn hefur verið meðal efnaðra í ferð til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar. Fimmti ferðalangurinn er nú í startholunum.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Ungverski milljónamæringurinn Charles Simonyi kom til Moskvuborgar á sunnudag til að búa sig undir ferð ásamt tveimur rússneskum geimförum til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar í byrjun apríl og mun dvelja þar í tíu daga.

Simonyi verður fimmti ferðalangurinn sem greiðir fyrir ferð til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar. Þjálfun fyrir ferðina hófst í september í fyrra en áfanginn nú er síðasta skrefið áður en hann fer í loftið.

Simonyi, sem fæddur er í Ungverjalandi árið 1948, hefur verið búsettur í Bandaríkjunum frá því seint á sjöunda áratug síðustu aldar en hann er einn af fyrstu starfsmönnum bandaríska hugbúnaðarrisans Microsoft og leiddi hann meðal annars þróunardeildina sem bjó til ritvinnsluhugbúnaðinn Word og töflureikninn Excel í Office-hugbúnaðarvöndlinum. Simonyi sagði skilið við risann árið 2002 eftir 21 árs dvöl og leiðir nú eigið fyrirtæki, Intentional Software, sem sérhæfir sig í nýrri gerð forritunarmáls, sem kalla má sjálfráða forritunarmál sem auðveldar á alla hugbúnaðargerð. Simonyi er virkur í mennta- og menningarlífi Bandaríkjanna og er meðal annars í forsvari fyrir sjóði í eigin nafni sem veitir styrki til málaflökkanna. Þá hefur hann sömuleiðis verið orðaður við Mörthu Stewart, einn af frægustu sjónvarpskókum í heimi.

Það er langt í frá að Simonyi ætli að liggja með tærnar upp í loft í Alþjóðlegu geimstöðinni því hann mun þurfa að inna af hendi nokkur skylduverkefni fyrir Evrópsku geimvísindastofnunina



CHARLES SIMONYI Í FULLUM SKRÚÐA Fimmti ferðamaðurinn til að greiða fyrir ferð og tíu daga dvöl í Alþjóðlegu geimstöðinni byr sig nú undir flugið í Rússlandi. MARKAÐURINN/AFP

í geimstöðinni auk þess sem hann ætlar að gera nokkrar læknisfræðilegar tilraunir á eigin vegum. Meðal annars ætlar hann að kanna áhrif geisla-virkni á menn.

Nokkur ásókn hefur verið á meðal milljónamæringa í ferð til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar eftir að ferðir sem þessar buðust fyrst fyrir sex árum. Fram til þessa hafa fjórir efnaðir karlar og ein kona farið út í geim og dvalið þar í tíu daga.

Ekki liggur fyrir hvað Simonyi greiðir fyrir ferðina en miðað við útlagðan kostnað við fyrri ferðir má gera ráð fyrir að hann þurfi að reiða fram ríflega 1,2 milljarða króna fyrir farið.

Stöðug notkun eykur endingu

Harðir diskar í tölvum eyðileggjast ekki þótt þeir séu mikið notaðir. Þvert á móti eru meiri líkur á því að harðir diskar í lítilli notkun eyðileggist. Þetta eru niðurstöður prófana þriggja verkfræðinga hjá bandaríska netleitarfyrirtækinu Google á hörðum diskum.

Verkfræðingarnir prófuðu 100.000 harða diska af öllum stærðum og gerðum. Minnstu

diskarnir voru 80 GB en þeir stærstu 400 GB og hafa verið í notkun hjá Google frá því árið 2001. Diskarnir voru frá ýmsum framleiðendum án þess að þeir hafi verið sérstaklega tilgreindir.

Í skýrslu verkfræðinganna um málið segir að lítið samhengi virðist vera á

milli notkunar á diskum og bilanatíðni þeirra líkt og margir telji. Þá vísa verkfræðingarnir því á bug að harðir diskar endist betur í köldu rými en heitu, ólíkt því sem margir haldi.

HARÐUR DISKUR Verkfræðingar hjá Google hafa komist að raun um að harðir diskar bila frekar ef þeir eru í lítilli notkun.



SÖGUHORNID

Rothschild-veldið verður til

Á föstudag verða liðin 263 ár frá fæðingu Mayers Amschel Rothschild, stofnanda banka, sem heitir í höfuðið á honum. Bankinn lagði grunninn að veldi Rothschild-fjölskyldunnar sem allt fram til dagsins í dag er á meðal auðugustu fjölskyldna í heimi.

Mayer Amschel Rothschild fæddist hinn 23. febrúar árið 1744 í Frankfurt í Þýskalandi. Rothschild er hins vegar ekki ættarnafn Mayers heldur Bauer. Upphaflega stóð til að Mayer litli færi í strangt nám í gyðinglegum fræðum með það fyrir augum að hann yrði rabbín. Mayer var hins vegar ungur að árum þegar í ljós kom að hann sýndi talsverða hæfileika á fjármálasviðinu. Faðir hans, sem rak litla lánastofnun í gyðingahverfinu í Frankfurt, lokaði því á frekara nám í trúfræðum, tók son sinn í læri og opnaði honum dyrnar að allri þeirri þekkingu sem hann bjó yfir á sviði fjármála- og lánastarfsemi.

Árið 1755, nokkru eftir andlát föður síns, hlotnaðist Mayer staða gjaldkera í banka sem var í eigu Oppenheimer-fjölskyldunnar í Hannover. Fljótlega var tekið eftir hæfileikum hans á fjármálasviðinu og var hann eftir fáein misseri í starfinu orðinn einn af meðeigendum bankans.



VÍN FRÁ ROTHSCHILD Starfsemi Rothschild-fjölskyldunnar teygir anga sína langt út fyrir fjármálagæirann. Hér eru boðin upp vín frá Château Lafite-Rothschild sem framleidd voru í Frakklandi árið 1806. MARKAÐURINN/AFP

Mayer entist í fimm ár hjá Oppenheimer-bankanum í Hannover. Að þeim tíma loknum sagði hann upp, hélt aftur til Frankfurt með fullar hendur fjár og keypti lánastofnun föður síns af þáverandi eigendum.

Yfir dyrum lánastofnunarinnar hafði Móses gamli sett rauðan skjöld sem vísaði til fána framsýnna og stórhuga gyðinga í Austur-Evrópu. Mayer Amschel ákvað að samsama sig nýju eigninni eftir fremsta megni. Hann henti því gamla föðurnafninu fyrir róða og tók upp nafnið Rothschild (ísl: Rauði skjöldur).

Þessi fyrsti Rothschild-banki var afar farsæll. Ekki síst eftir að Mayer komst í samband við Vilhjálmi IX, prins af Hesse-Cassel, sem erfði einhver mestu

auðæfi í Evrópu á þess tíma mælikvarða. Rothschild-bankinn sá að öllu leyti um viðskipti hans og vörslu fjármunanna. Og árangurinn var eftir því, ekki síst eftir að herir Napóleóns réðust nokkrum sinnum inn í Frankfurt á árabílinu 1813 til 1815 án þess að koma höndum sínum yfir auðinn. Þá fjármagnaði hann auk þess stríðsrekstur Breta gegn Napóleón. Í kjölfarið náði Mayer í viðskiptasambönd við fleiri prinska í nálægum ríkjum og tryggði hann þar með stöðir og framtíð bankans.

Mayer eignaðist tíu börn. Þar af voru fimm drengir. Hann veitti sonum sínum vel af visku-brunni sínum á fjármálasviðinu, opnaði fjögur útibú í jafnmörgum löndum og setti syni sína yfir þau. Sá fimmti varð svo yfirmaður bankans í Frankfurt. Fyrirtækinu stýrði Mayer svo með harðri hendi í gegnum synina þar til hann lést 19. september árið 1812 en afkomendur hans eru enn vel þekktir í bankaheiminum á Vesturlöndum.

Mayer Rothschild lét eftir sig einn þann mesta auð sem nokkur maður hefur verið orðaður við í þá daga, jafnvirði 200 milljóna Bandaríkjadala. Hann var með framsýnustu mönnum og svo stórhuga að hans er enn minnst í dag sem upphafsmanns alþjóðlegrar fjármálastarfsemi.



Dell Precision sameinar allt það sem kröfuhörðustu notendurnir á fyrirtækjamarkaði þurfa. Hún hefur skjákort sem ræður við mjög öfluga vinnslu og mikla upplausn. Precision stenst prófanir hugbúnaðarframleiðenda og hefur staðfesta getu til að keyra t.d. AutoCad hugbúnað. Einstaklega öflug vél fyrir þá sem vilja það kraftmesta sem í boði er.



FARTÖLVA FYRIR ÞÁ KRÖFUHÖRÐUSTU

PRECISION M65 FARTÖLVA MEÐ NVIDIA QADRO SKJÁKORTI

- ▶ Intel Core 2 Duo örgjörvi T7400
- ▶ 2,16GHz 4MB L2 cache 667MHz FSB
- ▶ 2GB 667MHz DDR2 vinnsluminni (2x1024)
- ▶ 15,4" WUXGA TFT DellSharp skjár (1920 x 1200)
- ▶ 256MB nVidia Quadro FX350m skjákort
- ▶ 100GB SATA (7.200 rpm) harður diskur
- ▶ 8X DVD+/-RW DVD skrifari double-layer
- ▶ 10/100/1000 netkort & 56k v.92 mótað
- ▶ Intel Pro 3945 þráðlaust netkort (802,11a/g)
- ▶ Dell Wireless 350 BlueTooth
- ▶ Íslenskt lyklaborð og Dual Point mús
- ▶ Biometric UPEK fingrafaralesari
- ▶ 280-pinna tengi fyrir D/Dock & D/Port
- ▶ 4x USB 2,0, IEEE 1394, VGA, Serial, infrared port,
- ▶ headphone/ speaker out, RJ-11, RJ-45
- ▶ 9cell 85WHr Li-Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
- ▶ MediaBay Li-Ion 48WHr fyrir Dual battery stuðning
- ▶ 90W standard D/Family AC Adapter
- ▶ Windows XP Professional SP2
- ▶ 35,3 mm x 361 mm x 262,6 mm (H x B x D)
- ▶ Þyngd frá 2,81kg
- ▶ 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Staðgreiðsluverð: 289.900 kr.

Það er til lausn á öllu

Opið 9-18 alla virka daga og 10-16 á laugardögum

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000



Örmynt sem ekki fótar sig í sviptibyljum alþjóðlegs markaðar

Spurningunni um hvort evruvæðing hér væri hagkvæm efnahagslífinu var velt upp á málþingi í Háskólanum í Reykjavík fyrir skömmu. Óli Kristján Ármannsson sat þingið, sem haldið var af Viðskiptaráði, nemendafélagi viðskiptafræðinema við skólann. Skemmst er frá því að segja að heldur hallaði á krónuna og peningastefnu Seðlabankans í máli frummælenda.

Heldur hallaði á krónuna á málþingi sem nemendafélag viðskiptafræðinema við Háskólann í Reykjavík boðaði nýverið til undir yfyrskriftinni „Evrar eða krónan“. Frummælendur á þinginu voru fjórir: Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild HR, Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Landsbanka Íslands, Aðalsteinn Leifsson, lektor við viðskiptadeild HR, og Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins.

Í máli Ólafs kom fram að núverandi ástand peningastjórnnunar væri ekki nógu gott og huga bæri að öðrum lausnum og opinni umræðu. Ljóst var hins vegar á máli Yngva Arnar að hann telur evruna tæpast lausnina og bendir á að hátt vaxtastig hér megi að hluta rekja til skipulagsklúðurs peningastefnunnar, sem þýði að stýrivexir Seðlabankans miðlist ekki sem skyldi út í vaxtaróf bankanna. Telur hann endurbóta þörf á miðlunarferli peningamálastefnunnar þannig að hún hafi áhrif á verðtryggingu vexti á markaðnum ekki bara óverðtryggingu.

Ólafur Ísleifsson hvatti í máli sínu til forðomalausrar umræðu um gengismál hér og kallaði eftir hlutlausri úttekt þar sem metinn yrði kostnaður við að taka upp evru og borinn saman við kostnað sem því fylgdi að búa við núverandi kerfi áfram. Hann bendir á að verðbólguþætti með fljóttandi gengi sem hér var tekið upp árið 2001 hafi í raun verið „þvingaður leikur“ og mætti kalla tilraun þar sem slíkt hafi ekki verið reynt í jafnlitlu hagkerfi áður.

EFNAHAGSLEG SPENNITREYJA

Yngvi bendir á að evru- tenging feli vissulega í sér stöðugt gengi gagnvart evru, en ekki fastgengi gagnvart öðrum gjaldmiðum. Hann bendir á að samkvæmt nýjustu mælingum Seðlabankans sé þröngt vægi evrulanda í vöru- og þjónustuviðskiptum landsins metið 42 prósent, 50 prósent ef Danmörk er talin með, en gengi dönsku krónunnar er bundið við evruna. „Hins vegar eru allir sammála um að í þessari mælingu sé vægi Evrópu-myntanna ofmetið vegna þess að mjög mörg alþjóðaviðskipti eru í raun verðlögð út frá dollurum,“ segir hann og bendir á að á líftíma

sínum hafi evran sveiflast töluvert gagnvart öðrum gjaldmiðum.

„Aðild að evru myndi held ég ekki tryggja að verðlag og laun gætu hér ekki vaxið hraðar umtalsvert hraðar en verðbólguþætti in í Evrópusambandinu. Miðað við efnahagsaðstæður og horfur hér á landi eru líkur á því að verðlag og verðmæti hér vaxi hraðar á komandi árum vegna mikils hagvaxtar og því myndi tenging við evruna leiða íslenskt efnahagslíf inn í einhvers konar spennitreyju þar sem kostnaðarskilyrði hér yrðu frekar erfið.“ Yngvi segir því ljóst að aðild að evrunni tryggi ekki stöðugt gengi nema gagnvart hluta af viðskiptalöndum okkar, ólíklegt sé að evruhagstjórn henti okkur, hún sé hvorki ávisun á stöðugt verðlag né raungengi og ef við færum inn í evruna væri líklegt að landið lenti í efnahagslegri spennitreyju. „Forsendur þess að við gætum gerst aðilar að evrusamstarfinu væru að við næðum að lokum góðum tókum á stjórn efnahagsmála, en hafa verður í huga að slíkt væri líka nauðsynlegt og nægileg skilyrði til að við gætum lifað við tiltölulega stöðugt gengi krónunnar.“

FORDÓMALAUS UMRÆÐA

Ólafur Ísleifsson hvatti í máli sínu til forðomalausrar umræðu um gengismál hér og kallaði eftir hlutlausri úttekt þar sem metinn yrði kostnaður við að taka upp evru og borinn saman við kostnað sem því fylgdi að búa við núverandi kerfi áfram. Hann bendir á að verðbólguþætti með fljóttandi gengi sem hér var tekið upp árið 2001 hafi í raun verið „þvingaður leikur“ og mætti kalla tilraun þar sem slíkt hafi ekki verið reynt í jafnlitlu hagkerfi áður.

„Og árangurinn liggur fyrir,“ segir Ólafur. „Háir vextir, mikill vaxtamunur við útlönd, óstöðugleiki í gengi krónunnar, óviðunandi viðskiptahalli, hættumerki á vettvangi fjármálastöðugleika.“ Þarna segir hann kominn aðdraganda þeirra efasemda sem vart verði víðs vegar í þjóðfélaginu um ágæti núverandi fyrirkomulags.

Hann segir krónuskýrslu Viðskiptaráðs Íslands snemma á síðasta ári hafa markað tímamót í umræðunni um gjaldeyrismál þjóðarinnar. „Niðurstaðan var að kostirnir í gengismálum væru tveir. Halda sig við fyrirkomulagið sem er, eða taka upp evru með aðild að Evrópska myntbandalaginu.“ Hann segir ljóst að í atvinnulífinu sé mikil gerjun tengd gjaldeyrismálum og ýmis fyrirtæki hafi þegar gripið til þess ráðs að velja evru sem uppgjörsmýnt og hugi nú að því að taka hana líka upp sem kauphallarmynt. Hann leggur þó áherslu á að menn forðist klisjur í umræðunni og bendir á að evran leysi engan vanda ein og sér, heldur sé hún skipulagslegt atriði og umgjörð um atvinnulífið. Fullyrðinguna um að krónan sé ekki vandinn heldur hagstjórnin segir hann vera eina klisjuna. „Þetta tel ég rangt. Vandinn er hagstjórnin og krónan, ekki bara að hagstjórnin hafi hér ekki verið sem skyldi. Við verðum að horfast í augu við að krónan er örmynt sem á erfitt með að fóta sig í þessum sviptibyljum sem ganga yfir alþjóðlegan markað.“

EVRA ÞÝÐIR ESB

Aðalsteinn Leifsson, lektor við HR, og Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins, gengu svo heldur lengra í Evrópuátt í erindum sínum. Þannig telur Aðalsteinn ráð að huga þegar að Evrópusambandsaðild og bendir á að aðstæður séu um margt breyttar. Þannig hafi meira að segja nýverið komið fram að Íslendingar myndu halda fullum yfirráðum yfir sjávarútvegi sínum, jafnvel þótt gengið yrði til samstarfsins án þess að nokkrar breytingar yrðu gerðar á sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins.

Aðalsteinn segir ljóst að sú leið að taka upp evru með einhliða ákvörðun sé í raun ófær þar sem hún væri bæði kostnaðarsöm og skorti trúverðugleika. Þá telur hann ekki líkur á séraðild að myntsambandinu því sögulegar ástæður standi að baki þeim samningum sem þegar hafi verið gerðir um slíkt og standi ekki til að bæta í þann hóp. Hann setur því samasemmerki milli þess að taka upp evru og ganga í ESB. „Evrópusambandsaðild er eðlileg þróun í alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs,“ segir Aðalsteinn.

Bjarni Már segir svo rétt að horfa til annarra möguleika en krónunnar því peningastefnan sem hér sé rekin hafi ekki skilað því sem vonast hafi verið til. Hann bendir á að Samtök iðnaðarins hafi stutt allan Evrópusamruna, allt frá árinu 1970, og vísar sérstaklega til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. „Þetta hefur iðnaðurinn gert þrátt fyrir að það hafi verið sumum greinum hans erfitt,“ segir hann og bendir á að í heild sinni hafi iðnaðurinn staðið sterkari eftir.

Bjarni telur ljóst að peningastefna Seðlabankans sé ekki að skila sínu og framkvæmd hennar vinni gegn eigin markmiðum. Hann bendir á að bankanum hafi ekki tekist að ná tókum á verðbólgu, einkaneysla hafi ekki dregist saman, sparnaður ekki aukist, hlutabréfaverð ekki lækkað og ekki dregið úr lántökum þrátt fyrir aðgerðir Seðlabankans. „Svo er Seðlabankinn kominn í þá stöðu að eiga erfitt með að lækka vexti á ný, því geri hann það lækkar gengi krónunnar væntanlega,“ segir hann og telur afleiðinguna að erlendir bankar yfirgefi stöður sínar í krónubréfaútgáfu. „Hvað gerist þá? Gengið fellur og verðbólgan eykst.“

Þá segir Bjarni ekki hægt að svara spurningunni um hvort evran hefði hentað í hagsveiflum fortíðar. „Mér finnst eins og Davíð Oddsson seðlabankastjóri fari fremstur í flokki þeirra sem horfa í bak-sýnisspegilinn,“ segir Bjarni Már og hvetur til þess að fremur sé horft fram á veginn og mótuð stefna til framtíðar. „Evrar og Evrópusambandið eitt og sér eru ekki markmið í sjálfa sér. Markmiðið er fyrst og fremst að við getum búið við þau skilyrði sem við teljum að upptaka evru og Evrópusambandið geti fært okkur. Með því móti teljum við að hér megi skapa stöðugan, viðvarandi og sjálfbærar hagvöxt sem ekki er fenginn að láni í útlöndum, eins og stór hluti þess hagvaxtar sem hér hefur verið við lýði síðustu misseri.“



HÁDEGISFUNDUR Í HR Frá vinstri: Yngvi Örn Kristinsson, Bjarni Már Gylfason, Aðalsteinn Leifsson og Ólafur Ísleifsson. Í pontu er Jóhann Hlíðar Harðarson, sem var fundarstjóri.

MARKAÐURINN/GVA



VEL SÓTTUR FUNDUR Margt góðra gesta var á fundi Viðskiptaráðs HR í síðustu viku. Hér má meðal annars sjá Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi sendiherra og ráðherra.

MARKAÐURINN/GVA



YNGVI ÖRN KRISTINSSON Yngvi, sem er framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Landsbankans, telur upptöku evrunnar hér geta þýtt nokkurs konar efnahagslega spennitreyju fyrir landið.

MARKAÐURINN/GVA

Hámarks hagkvæmni í rekstri fjármögnunaraðila

Skuldabréfa- og innheimtukerfi fyrir innlend og erlend skuldabréf



ESJA



mentis

HUGBÚNAÐUR



Þegar mest á reynir...

Hünnebeck steypumót eru sterk og áreiðanleg mót frá einum fremsta framleiðanda steypumóta í heimi.

Aseta selur bæði og leigir út steypumót, undirsláttarefni og byggingarkrana.

HÜNNEBECK 
– þegar mest á reynir

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is

ÁSGEIR MARGEIRSSON, FORSTJÓRI GEYSIS GREEN ENERGY
Ásgeir segir að Geysir fylgist með þróun mála hér heima og hafi áhuga á fjárfestingum innanlands, komi til breytinga á skipulagi orkumála. Aðaláherslan sé hins vegar á fjárfestingar erlendis. Hann segir mikla möguleika fólgni í fjárfestingum í Ameríku. Þá sé horft til Evrópu og Asíu. Geysir er þegar með verkefni í gangi í Kína, en að auki munu möguleikar fólgnir í aðkomu að verkefnum í kjölfar væntanlegrar einkavæðingar á Filippseyjum.
MARKAÐURINN/GVA



Langtímaútrás með eignarh

Horft er áratugi fram í tímann í verkefnum sem Geysir Green Energy, nýtt fjárfestingarfélag í sjálfbærum orkuviðmótum Group, Glitni og verkfræðistofunni VGK-Hönnun. Óli Kristján Ármannsson ræðir við Ásgeir Margeirsson, forstjóra og nóg pláss á markaði sérhæfðra fjárfestinga sem þessara, enda sé heimurinn allur undir.

Sem stendur er fjárfestingarfélagið Geysir Green Energy með skrifstofu aðstöðu í höfuðstöðvum Glitnis við Kirkjusand í Reykjavík. Þar hittir blaðamaður Ásgeir Margeirsson, forstjóra félagsins, á fimmtu hæð og þeir taka spjallið á björtum vetrardegi með útsýni yfir Faxaflóa.

Fram undan er hins vegar flutningur hjá félaginu, sem í tengslum við viljayfirlýsingu um samstarf við Reykjanesbæ hefur tekið á leigu efri hæð pósthússins í Keflavík, við Hafnargötu 89, og verður þar með höfuðstöðvar sínar. Í Reykjanesbæ er fyrirhugað að Geysir komi að uppbyggingu orkuseturs auk þess sem Ásgeir segir horft til samstarfs við Hitaveitu Suðurnesja. Reykjanesbær keypti í þessum mánuði lítinn hlut í félaginu, sem nemur um 175 milljónum króna, en við stofnun þess leggja fjárfestar til félagsins um sjö milljarða íslenskra króna með peningum og eignum. Miðað er við að Geysir Green Energy geti, þegar tækifæri gefast, ráðist í fjárfestingar sem nema yfir milljarði Bandaríkjadala, eða um og yfir 70 milljörðum króna.

TILURÐ OG FYRSTU SKREF

„Á bak við útrásarstarfsemi Íslendinga í orkumálum er dálítill saga sem teygir sig allt aftur til 1969 þegar Virkir var stofnaður, en fyrst og fremst var þetta takmarkað við ráðgjöf,“ segir Ásgeir og bætir við að nokkur tímamót hafi orðið árið 2001 þegar Enx var stofnað. „Þá stækkar það með aðkomu orkufyrirtækjanna og menn

fara úr því að vera bara að selja ráðgjöfina yfir í að vera komnir með orkufyrirtæki sem gefur þessu meiri slagkraft.“

Á síðustu misserum segir Ásgeir svo að menn hafi séð að í endurnýjanlegri orku leyndust mikil tækifæri víða um heim. „Orkufyrirtækin íslensku eru í opinberri eigu og því takmarkað sem þau ætla að fjárfesta í verkefnum erlendis; þau eru með

megináherslu á starfseminum hér heima og kannski ekki sjálfsagt að nýta opinbert fé til fjárfestinga erlendis. Þá sáu menn að aðrir yrðu að koma að með áhættufjármagninu.“ Glitni segir Ásgeir hafa í tvö til þrjú ár markvisst skoðað endurnýjanlega orku sem eitt af sínum sérsviðum. „Þetta leiðir til þess að menn fara að tala saman, Glitni, FL Group og verkfræðistofan VGK-Hönnun, og úr verður þetta félag, Geysir. Þessir þrír aðilar eru með 67 prósentu eignarhlut í 100 milljón dollara hlutafé. Núna er svo verið að bæta við þessum 33 prósentum, reyndar búið að selja af því hluta nú þegar, og það er selt til aðila sem til hafa að bera einhverja sérstaka þekkingu sem styrkir heildina, eða aðila sem hafa einhver sérstök sambönd sem leitt geta til viðskipta.“ Þannig segir Ásgeir Geysi ekki bara á höttunum eftir fjárfestum sem komi með peninga að félaginu, heldur þurfi menn að koma með meira að því til að koma inn í fyrstu umferð. „Síðan er ráðgert að þetta geti þróast yfir í að tvö- og þrefaldast á næstu mánuðum eða misserum. Á bak við þetta er mikil alvara og býsna mikið fjármagn.“

Geysir Green Energy er svo eftir stofnun stærsti hluthafinn í Enx með tæpan þriðjungshlut. „Svo á Geysir þriðjung í félagi sem heitir Enx-Kína. Það er aftur að þriðjungu í eigu Enx, þriðjung á svo Orkuveita Reykjavíkur og þriðjung á Geysir. Það er því hluti af okkar upphaflega eignasafni og aðild að þeim verkefnum sem þar eru í gangi. Annað sem kemur til okkar við fæðingu ef svo má segja er rúmlega helmingseignarhlutur í fyrirtæki sem heitir Exorka. Sá hlutur kemur frá verkfræðistofunni VGK-Hönnun og er um þá tækni sem notuð er við byggingu og framleiðslu í orkuverinu á Húsavík. Það er svokölluð Kalina-tækni þar sem í því tilviki menn framleiða raforku úr yfir 120 gráðu heitu vatni.“ Að öðru leyti tekur Geysir ekki þátt í verkefnum hér innanlands þótt Ásgeir segi að félagið muni að sjálfsögðu fylgjast með því sem hér gerist.

VERKEFNI GEYSIS

„Tilgangur félagsins er að fjárfesta í verkefnum á sviði endurnýjanlegrar orku með sérstaka áherslu á jarðhita. Þetta þýðir að við munum kannski skoða verkefni hér innanlands þegar tækifæri gefast. Hvers vegna ættum við enda að einskorða okkur við útlönd

ef tækifæri gefast fyrir einkaframtak í orkumálum á Íslandi líka?“ spyr Ásgeir. „Hvað hins vegar verður í þeim málum er svo aftur ekki vitað. Það er eiginlega seinni tíma mál.“

Aðaláhersla Geysis er hins vegar á útlönd og er þar einna helst horft til Bandaríkjanna þar sem Ásgeir segir mikla möguleika, Evrópu og Austur-Evrópu, auk Kína, Filippseyja og Indónesíu.

Ásgeir segir Geysi geta komið inn í fjárfestingarverkefni á ýmsum stigum, hvort sem það sé á hugmyndastigi eða við fyrstu rannsóknir á jarðhitasvæði, hönnun og byggingu orkuvera eða að rekstri. „Á allri þessari línu getum við verið og tekið virkan þátt. Svo getum við líka farið í hreinar fjárfestingar og kaup á hlutum í virkjunum eða fyrirtækjum sem þegar er komin í gang.“

Margir eru um hituna í fjárfestingum og neitar Ásgeir því ekki að vissulega geti margir spreytt sig á verkefnum sem þessum. „Til þess að svona hugmynd geti orðið að veruleika þurfa að koma til nokkrir þættir. Í fyrsta lagi þarf jarðhitaauðlind, í öðru lagi markað, í þriðja lagi þarf þekkingu á jarðhitnum, markaðnum, möguleikum á sölu, á rekstrinum og í fjórða lagi þarf svo til fjármagn. Þessum fjórum þáttum þarf svo að raða saman á hagkvæman hátt.“ Fæstir segir Ásgeir hins vegar að hafi þekkinguna sem til þarf. „En við höfum þekkinguna til að rannsaka auðlindina, hanna orkuverin, finna sölu-tækifæri, reka orkuverin, og svo framvegis. Auðvitað geta margir gert þetta og við höfum trú á að þetta eigi eftir að gerast í auknum mæli, enda er sífellt vaxandi eftirspurn eftir orku og þá ekki síst grænni orku, hraða, minni mengun og endurnýjanlegri orku. Þar getur jarðhiti spilað býsna stórt hlutverk, stærna en í dag.“

Hér innanlands segir Ásgeir að finna gríðarmikla þekkingu á jarðhita. „Í raun erum við eitt af nokkrum stórveldum á sviði jarðhita í heiminum. Sérstaklega höfum við viðamikla þekkingu á sviði uppbyggingar hitaveitna og samþættingar raforku- og varmavinnslu, rétt eins og gert er á Húsavík, Nesjavöllum, Svartsengi og verður gert á Hellisheiðinni líka. Það er tiltölulega einstakt. Síðan kemur til viðbótar innan okkar hóps fjárfestingarþekkingin, greiningarþekking, hvort heldur sem það snýr að lagaumhverfi, fjármálum eða tækni.“

Geysir Green Energy

Stjórn og eignir við stofnun

Forstjóri:
Ásgeir Margeirsson

Stjórn:
Hannes Smárason forstjóri FL Group, stjórnarformaður; Einar Þorsteinsson aðstoðarframkvæmdastjóri hjá FL Group; Runólfur Maack framkvæmdastjóri VGK-Hönnunar; Jón Diðrik Jónsson forstjóri Glitnis á Íslandi; Magnús Bjarnason framkvæmdastjóri hjá Glitni.

Eignir við stofnun:
26,9 prósentu eignarhlutur í Enx, 33,33 prósentu eignarhlutur í Enx-Kína sem er sameiginlegt hitaveituverkefni Enx-Kína og Shanxi CGO Energy Development Construction C. Ltd., 52,5 prósentu eignarhlutur í Exorka, fyrirtæki sem byggir á Kalina-tækni þar sem blanda ammoníaks og vatns er notuð við framleiðslu gufu sem eykur skilvirkni orkuvers.

SAMKEPPNI OG ÖNNUR ORKA

Ásgeir segir þá þætti sem saman koma í Geysi verða til þess að þar á bæ hafi menn trú á að geta skilað góðu verki í sérhæfðum fjárfestingum eins og þeim sem snúa að endurnýjanlegri orku á sviði jarðhita. „Jafnvel getum við gert þetta betur en einhverjir aðrir, en auðvitað eru margir sem geta þetta líka. Heimurinn er líka stór og í honum pláss fyrir marga.“

Þó nokkur samkeppni er á þessu sviði fjárfestinga og nokkur fjöldi fyrirtækja starfar í geiranum. „Þetta er svolítið harður heimur og töluverð samkeppni frá allmörgum fyrirtækjum. Svo eru líka mörg ný fyrirtæki að koma upp sem vilja gera sig gildandi í þessu, þótt reyndar höfum við mikla sérstöðu á þessum markaði með allt það sem að baki býr hér á landi og hjá eigendum okkar.“ Að auki er svo keppt við annan orkuiðnað, svo sem kjarnorku. „Alveg ljóst er að þessar grænu orkulindir sem við höfum úr að spila, jarðhiti, vindur, sólarorka, sjávarföll, lífmassi og -gas og þar fram eftir götunum, nægir ef til vill ekki. Nokkuð ljóst er því að þrátt fyrir allt sé kjarnorkan að koma aftur. Hins vegar er ekki sjálfgefið að hún verði hagkvæmari, alls ekki,“ segir Ásgeir og bendir á að kjarnorka sé langt því frá ódýr þótt hún geti reynst vel þar sem mikillar orku sé þörf og aðrar orkulindir ekki tiltækar. „Vatnsaflíð á líka eftir að vaxa mikið, um það er ég alveg sannfærður,“ bætir hann við.

Fjölbreytni í orkuöflun segir Ásgeir að sé af hinu góða og spáir því að einnig eigi eftir að verða til fleiri litlar jarðvarmastöðvar líkt og á Húsavík. Það eigi bæði eftir að gerast hér og víðar úti í heimi. „Sú tækni færir okkur líka inn í það að fara frá jarðvarmanum og í

það sem kallað er glatvarmi, eða *waste heat*.“ Þar er meðal annars átt við að nýta heitt loft eða vatn sem er úrgangur frá iðjuverum, ekki bara til hitunar, heldur einnig til framleiðslu raforku. „Færa má vélbúnað og tækni sem til verður í kringum jarðhitann yfir í annan orkugjafa en jarðhitann. Þá er í raun verið að tala um endurnýjanlega orku, því þetta er afgangssorka frá öðru sem annars væri kastað. Þar er þá hrein orkunýting,“ segir hann og telur hugsanlegt að Geysir komi líka að slíkum verkefnum.

VÆNN ARÐUR TIL LANGS TÍMA

Ásgeir segir starfsemi Geysis Green Energy fara vel af stað, enda mikið um að vera í þeim félögum sem Geysir á í strax í upphafi, Enex, Enex-Kína og Exorku. „Þau eru með verkefni í gangi og við þess vegna strax aðilar að þeim. Svo eru fjölmörg verkefni sem við höfum fengið í arf frá Glitni sem þeir hafa skoðað og í liggja tækifæri fyrir okkur. Svo höfum við orðið vör við mjög mikinn áhuga í kringum okkur víða erlendis, sem strax er að færa okkur tengingar inn í verkefni. Áhugi fjárfesta er líka gríðarmikill á því sem við erum að gera,“ segir Ásgeir og kveður félagið fá mikið af erlendum fyrirspurnum sem í raun verði ekki hægt að taka á fyrr en í næstu umferð, þegar búið verði að safna að félaginu fjárfestum sem einnig hafi með sér þekkingu úr iðnaðinum. „Það er fullt af fjárfestum sem eru bara með peninga. Og þeir bíða í röðum.“ Að auki segir Ásgeir fagfólk hafa sýnt verkefninu áhuga og margir vilji fá að starfa í faginu.

Ásgeir stígur hæfilega varlega til jarðar þegar hann er spurður að því hversu arðvænvænlegur bransi fjárfestingar á sviði

jarðhitaorku séu. „Almennt er orkuiðnaðurinn ekki dæmigerður fyrir iðnað sem skilar miklum arði á skömmum tíma. Í orkuiðnaði almennt felst sæmileg arðsemi til langs tíma. Hann er tiltölulega stöðugur.“ Þegar komnir eru samningar um orkuframleiðslu eru þeir enda ekki til einhverra ára heldur áratuga. „Og vissulega getur þessi markaður verið háður einhverjum sveiflum í umhverfinu svo sem löggjöf, eða olíuverði,“ segir hann og bendir á að þannig geti ytri aðstæður líka hjálpað til. „Olíuverð er orðið það hátt að núna eru mörg jarðhitaverkefni orðin hagkvæm sem ekki voru það áður, bara vegna þess hve húshitunarkosnaður með olíu eða gasi hefur aukist. Svo sjá menn ekki fyrir sér til langs tíma mikla lækkun á olíuverði, frekar að hún hækki í verði, þannig að þá verða enn fleiri jarðhitaverkefni hagkvæm.“ Þessa þróun segir Ásgeir eiga sér stað í Kína.

„Valkostir við jarðhita í Kína eru í meginatriðum kol og gas, en þar náum við að framleiða orku á samþærlilegu verði við gasið. Kolin eru ódýrari, en menn eru farnir að banna notkun þeirra víða í borgum vegna þess hve mikið þau menga. Umhverfissjónarmið verða til þess að jarðhiti getur sums staðar orðið ofan á.“

Hjá Geysi segir Ásgeir að áhersla verði lögð á litla yfirbyggingu og skjóta ákvarðanatöku þar sem mikið af sérfræðiþjónustu verði aðkeypt. Miðað við stórhuga áætlanir um útrás í orkugeira erlendis kemur kannski á óvart að í árslok gerir hann ekki ráð fyrir að hjá Geysi starfi nema fimm til tíu manns. „Vonandi verðum við ekki fleiri, en þessar áætlanir kunna að breytast. Við verðum fljótir og verkefnaháðir. Svo getur maður svo sem með skömmum fyrirvara verið búinn að kaupa heila virkjun eða fyrirtæki og ef til vill kominn með hundrað manna starfslið.“

Allra næstu skref segir Ásgeir snúast um að koma upp starfsaðstöðunni í Reykjanesbæ, vinna áfram í þeim verkefnum sem þegar séu komin í gang og skoða nýja fjárfestingarkosti. „Þeir eru nokkuð margir í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Austur-Evrópu og Kína, sumt í gegnum aðildarfélög og annað beinar fjárfestingar.“

Ásgeir horfir bjartsýnn fram á veginn og segir æsispennandi að taka með þessum hætti þátt í útrás sem byggji á sérþekkingu þjóðarinnar. Sjálfur hefur hann áratugareynslu úr orkuiðnaði, fór úr sæti framkvæmdastjóra og áður aðstoðarforstjóra Orkuveitu Reykjavíkur til að taka við Geysi Green Energy. Áður var hann auk þess tækni- stjóri Jarðborana hf. „Við höfum þekkinguna til að meta jarðhitann, byggja mannvirkin, reka og selja. Langtímaútrás felst í fjárfestingu og eignarhaldi. Þar er horft til áratuga. Auðvitað getur virkjun sem komin er á koppinn skipt um eigendur, en maður byggir ekki virkjun og selur á þremur árum. Það er frekar gert á sjö eða tíu árum.“

„Í raun erum við eitt af nokkrum stórveldum á sviði jarðhita í heiminum. Sérstaklega höfum við víðamikla þekkingu á sviði uppbygg- ingar hitaveitna og samþættingar raforku- og varma- vinnslu. Rétt eins og gert er á Húsavík, Nesjavöllum, Svartsengi og verður gert á Hellisheiðinni líka. Það er tiltölulega einstakt.“

haldi í orkuiðnaði

aði, tekur sér fyrir hendur. Fyrirtækið var stofnað í byrjun árs af FL nýstofnaðs fjárfestingarfélags, sem segir verkefni næg, samkeppni holla



JARÐHITI VERÐUR AÐ RAFMAGNI Á Hellisheiði virkjar Orkuveita Reykjavíkur jarðvarma. Endurnýjanleg orka með sérstakri áherslu á jarðvarma er það svið fjárfestinga sem Geysir Green Energy horfir til. Annað nýstofnað fjárfestingarfélag, HydroKraft Invest, horfir svo til fjárfestinga í endurnýjanlegri orku tengdri vatnsaflí. Bæði félög beina sjónum sínum til útlanda.

MARKAÐURINN/GVA

Fleiri horfa til fjárfestinga í orkugeira

Í lok síðustu viku tilkynntu Landsbankinn og Landsvirkjun á sameiginlegum blaðamanna- fundi um stofnun alþjóðlega fjárfestingarfélagsins HydroKraft Invest sem ætlað er að fjárfesta á erlendri grundu í verkefnum sem tengjast endurnýjanlegri orkuvinnslu. HydroKraft Invest er ætlað að leiða umbótaverkefni á sviði orkumála erlendis, einkum í Evrópu.

Félagið er af svipuðum meiði og Geysir Green Energy nema hvað að áherslan er á fjárfestingar á sviði vatnsafls en ekki jarðvarma líkt og hjá Geysi. Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, lagði enda áherslu á það á fundin-

um þar sem félagið var kynnt að nóg pláss væri í heiminum fyrir marga aðila á þessu sviði fjárfestinga. Jóhannes Geir Sigurgeirsson stjórnarformaður Landsvirkjunar sagði ekki síst horft til þess að koma inn í endurbyggingu og endurnýjun eldri virkjana, en einni væri horft til nýbygginga vatnsaflsvirkjana, stórra sem smárra.

Þar sem HydroKraft er alveg nýstofnað hefur þar ekki enn verið ráðinn framkvæmdastjóri og ekki komin endanleg mynd á starfseminu Sigurjón Þ. Arnason sagði að stofnfé félagsins væri „dágóð innlögn“ en síðan yrði gengið í að afla meira fjármagns eftir

verkefnastöðu hverju sinni.

Landsbankinn og Landsvirkjun eiga jafnan hlut í félaginu þar sem hvor leggur til tvo milljarða króna í hlutafé. Verður síðan á næstunni safnað hlutafé hér á landi þar sem Landsbankinn hefur tryggt sölu á hlutafé í félaginu fyrir einn milljarð króna til viðbótar. Í kjölfarið á að skrá HydroKraft Invest á erlendan hlutabréfamarkað.

Líkt og Geysir segjast forsvarmenn HydroKraft byggja á innlendri sérþekkingu í orkumálum og fjárfestingarþekkingu úr fjármálageiranum sem komi félaginu í fremstu röð fjárfestingafélaga á sínu sviði.



Í LANDSBANKANUM Sigurjón Þ. Arnason bankastjóri og Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbanka Íslands, taka höndum saman með Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni stjórnarformanni og Friðriki Sophussyni, forstjóra Landsvirkjunar, um stofnun HydroKraft Invest.

MARKAÐURINN/GVA

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Ný skref hafa verið stigin í útrás orkufyrirtækja.

Orkufyrirtækin líkleg til stóruútrásar

Haflíði Helgason

Núverandi efnahagsástand hefur þann augljósa galla að gera nýsköpun erfitt fyrir. Það er raunverulegt áhyggjuefni að ekki sé nægjanlega sáð til framtíðar vegna ruðningsáhrifa af stórframkvæmdum og þenslu í efnahagslífinu. Það er því mikið ánægjuefni þegar nýjar hugmyndir spretta fram.

Að undanfögnu hafa sjónir manna beinst að orkugeiranum. Geirinn hefur verið skotspónn heitrar andstöðu hér innanlands, en minna hefur farið fyrir umræðu um tækifæri sem hann skapar. Undanfarin ár hefur þessi geiri fetað skrefin inn á alþjóðamarkaði og þar birtast fyrirtækin með lausnir sem leysa bráðan umhverfisvanda þar sem þau starfa. Tvö félög sem hafa mikið afl hafa verið stofnuð að undanfögnu með fulltingi banka og fjárfesta. Bæði í samstarfi við opinber fyrirtæki.

Leiðir Íslendinga í orkuöflun eru eftirsóknarverðar þegar horft er til þess hvernig menn afla sér orku víða annars staðar. Þegar kveikt er á kyndingunni í Kína dregur fyrir sólu í bókstaflegri merkingu. Kolabrennsla Kínverja og fleiri þjóða er verulegt umhverfisvandamál og fagnaðarefni ef þekking og reynsla íslenskra fyrirtækja getur orðið til þess að draga úr slíku.

Undanfarna áratugi hefur orðið til veruleg þekking á nýtingu vatnsafls og jarðvarma á Íslandi. Þessi þekking er mikils virði og ánægjulegt að sjá að bæði bankar og fjárfestar horfa til langrar framtíðar í útrás þessarar greinar.

Þekkingin hefur orðið til á löngum tíma og sá jarðvegur sem þekking á fjármálum og alþjóðasviðskiptum skapar gerir nú orkufyrirtækjunum kleift að stíga næstu skref. Það verður afar spennandi að fylgjast með framþróun næstu ára. Tækifærin eru nánast endalaus á orkumarkaði heimsins og innlend þekking á endurnýjanlegri orku veruleg.

Gera má ráð fyrir að þau fyrirtæki sem nú hleypa heimdraganum verði innan fárra ára skráð á markaði. Þegar liggja fyrir yfirlýsingar um erlenda skráningu. Hver endanleg niðurstaða verður liggur meðal annars í því almenna umhverfi sem markaður hér mun búa við. Reglugerðir sem takmarka möguleika fyrirtækja til að velja uppgjörsmýnt eru ekki liður í að halda slíkum fyrirtækjum hér á landi. Þessi fyrirtæki eins og önnur stórfyrirtæki landsins eru í eðli sínu alþjóðleg. Heimilisfestin mun því að endingu ráðast af því hvort smásálarskapur eða skýr framtíðarsýn ráða ákvörðunum innlendra stjórnvalda.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olivkr@markadurinn.is



Leipzig – Gohlis
10 íbúða hús

Fjárfestingartækifæri Leipzig
Leipzig – Gohlis
Glæsileg bygging með 10 íbúðum
Leigutekjur: 37.127 € á ári

Yield : 8,1%
Verð pr fm: 624€
Verð: 459.000€



Þjónustuaðili fjárfesta á fasteignamarkaði
587-7600 - <http://www.argoradgjof.is>

Hvað er Engagement?

ORD Í BELG

Guðmundur Arnar Guðmundsson
Sölu- og markaðsstjóri



Nýjasta tískuhugtakið í auglýsingaheiminum er engagement (þýtt hér sem tengsl). Mikið er skrifað og talað um hugtakið en samt virðist ekki ríkja almenn sátt um merkingu þess. Sú skilgreining sem Advertising Research Foundation hefur komið sér saman um er: „Tengsl er lykilatriðið í vörumerkjavalni neytanda eftir að hafa orðið fyrir einhverskonar boðmiðlun.“ Á mannamáli má segja að tengsl sé áreiti sem vekur athygli neytanda svo hann ákveður að kaupa tiltekið vörumerki. Það er hins vegar engin samstaða um hvaða liðir þetta eru sem kveikja þessi viðbrögð, en þar liggur stóra vandamálið sem gerir hugtakið frekar marklaust.

Ástæðan fyrir þessari miklu umræðu er gríðarleg breyting á fjölmiðlalandslagi undanfarin ár. Tími neytenda er fóst stærð en fjöldi boðmiðla og áreiti eykst stöðugt að líkja má við Harmleik Sameignarinnar þar sem allir auglýsendur eru í raun að draga úr virkni auglýsinga hjá hvor öðrum. Markaðsstjórar sitja því uppi með minni svörun við auglýsingum sem kosta meira en áður. Af er það sem áður var þegar eina sjónvarpsstöðin á Íslandi var RÚV og eini útvarpsþátturinn fyrir ungt fólk var Lög unga fólksins. Í hverri viku voru 10 vinsæl popplög spiluð í þættinum sem næstum allt ungt fólk hlustaði á. Það beið við tækin, hreyfði sig ekki fyrr en að loknum þætti og lögin urðu strax uppáhalds lögin þeirra. Auglýsing í slíkum þætti var mjög líkleg til að fá mikla athygli hlustenda. Þetta er töluvert frábrugðið útvarpshlustun ungs fólks í dag. Núna eru fjölmargar útvarpsstöðvar sem miðla til hópsins og aðrir miðlar sem keppa um athygli þeirra: Sjónvarpsstöðvar, tímarit, dagblöð svo ekki sé minnst á internetið.

Tengsl fara að skipta máli í fjölmiðlaumhverfinu, því gamlir mælikvarðar eins og áhorfstöl-

ur gefa aðeins til kynna hversu margir fengu tækifæri til að sjá auglýsinguna. Áhorf segir hins vegar ekkert til um það hversu margir raunverulega sáu hana, hvað þá hvort auglýsingin hafi hreyft við þeim sem í raun sáu. Þar koma tengslin inn í myndina því þau atriði sem falla undir hugtakið hjálpa gríðarlega mikið við að fanga athygli neytandans, mynda við hann tengsl og kveikja í honum löngun til að kaupa vörumerkið.

Erwin Ephron, faðir nútíma birtingafræða, hefur skipt tengslum í tvo hluta. Annars vegar miðla tengsl og hins vegar auglýsinga tengsl. Miðla tengsl snúa að miðlinum sem er notaður til að koma auglýsingunni til skila. Eftirtalin atriði eru meðal þeirra sem skipta máli við að ná miðla tengslum (ef við notum sjónvarp):

- hversu löng er auglýsingin?
- hversu margar auglýsingar eru í hólfinu?
- hvað eru margar auglýsingar á undan henni?
- klukkan hvað er auglýsingin?
- Er áhorfandinn að gera eitt-hvað annað á meðan auglýsingin var?
- Eru margir að horfa á sjónvarpið með viðkomandi?
- Er auglýsingin í takt við þáttinn sem auglýst er í (sem dæmi sápa sem er auglýst í þætti eins og Allt í drasli)?

Rannsóknir hafa hins vegar sýnt að miðla tengsl hafa ekki eins mikil áhrif við að kveikja í neytendum eins og auglýsinga tengsl. Auglýsinga tengsl er það sem mestu máli skiptir. Atriði

sem falla þar undir eru til dæmis hversu vel neytandi man eftir auglýsingu, hversu sannfærandi hún var og hversu vel auglýsingin kemur út eftir að hafa verið lögð fyrir rýnihópa.

Eins og sjá má eru mjög margir mælikvarðar á bakvið tengslin. Enn er langt í land að fræðiheimumurinn sættist á hvaða mælikvarða á að nota en það er vandkvæðum bundið. Erfitt er til dæmis að ímynda sér sömu mælikvarða fyrir mismunandi boðmiðla og hvernig á að mæla tilfinningaleg tengsl við mismunandi áreiti við mismunandi aðstæður?

Fjölmiðlar eiga ekki að nota tengsl sem sölutæki þrátt fyrir að mismunandi boðmiðlar nái mismunandi tengslum. Tökum dæmi, ímyndum okkur þátt sem nær fullkominni athygli áhorfenda sem sitja stjarfir með augun límd við viðtækin þegar að auglýsingum kemur. Þegar sex lélegar auglýsingar eru búnar sem allar ná litlum sem engum tengslum við áhorfendur er ekki líklegt að þín auglýsing, númer sjö í röðinni, njóti góðs af þessum tengslum sem þátturinn myndar.

Markaðsstjórar eiga hins vegar að nýta sér þessa þekkingu sem býr að baki tengslunum án þess að eyða miklum tíma í hugtakið sjálft. Tengslin byggja nefnilega á faglegu markaðsstarfi sem styðst grimmt við rannsóknir. Miðlarnir eru metnir á mun metnaðarfullri hátt en aðeins með áhorfs-, hlustunar- eða lestrartölum. Auglýsingar eru ennfremur settar fyrir rýnihópa og prófaðar ítarlega áður en þær eru birtar. Markaðsstjórar geta því náð mun árangursríkari og nánari sambandi við markhópinn sinn með því að nýta sér þessa hugmyndafræði sem krefst þess að þeir kafi mun dýpra til að skilja hann en með hefðbundnum breytum eins og aldri, kyni og búsetu.

Eftir stendur að það er ljóst hvað átt er við með tengslum en óljóst hvernig þeim er náð. Rannsóknir eru af hinu góða og allir sem stunda markaðsmál ættu að nýta sér þær frekar en það er töluverður tími ennþá í að tengsl verði fullmótað staðlað kerfi sem markaðsstjórar geta tileinkað sér.

UM VÍÐA VERÖLD

Reglugerðakóf

Economist | Breska vikuritíð Economist fjallar um þann mun sem er á samkeppnishæfni í Bandaríkjunum og aðildarríkjum Evrópusambandsins í vikunni. Vikuritíð bendir á að hvaðeina sem stærstu hagkerfi landanna hafi tekið sér fyrir hendur þá hafi lítið sem ekkert gengið. Hagvöxtur hafi verið lítill, ekki síst hafi sameining Vestur- og Austur-Þýskalands dregið dilk á eftir sér. En senn fer að léttja til. Bendir blaðið á að hátt orkuverð samfara samdrætti í efnahagslífinu hafi sögið kraft úr Bandaríkjamönnum á sama tíma og blásið sé í glæður efnahagslífsins í Evrópu. Framleiðni hafi aukist um fjögur prósent á árinu í stærstu hagkerfum ESB, ekki hvað síst á evrusvæðinu, sem sé umfram væntingar. Þá hafi útflutningur aukist í Þýskalandi, Frakklandi og á Ítalíu, sem hífi meðaltalið upp. Auk þessa hefur framkvæmdastjórn ESB uppfært hagvaxtarspá evrusvæðisins fyrir árið og gerir ráð fyrir 3 punkta meiri hagvexti en í fyrri spá sinni á árinu. Er þannig gert ráð fyrir 2,7 prósentu hagvexti á evrusvæðinu samanborið við 2,5 prósentu hagvexti vestanhafs. Economist bendir hins vegar á að hægt væri að gera betur, meðal annars með því að minnka reglugerðakóf og skriffinnsku, sem dragi úr vilja manna til að sýna frumkvæði.

Volkswagen bjargar mannslífi

Guardian | Volkswagen hefur hætt sýningu sjónvarpsauglýsinga í Bandaríkjunum sem sýna mann hætta við sjálfsmorð þegar hann kemst að því að hann hefur efni á að kaupa sér nýjan Volkswagen. Maðurinn stendur uppi á háhýsi og er við það að stökkva þegar maður stöðvar bíl sinn í námunda við hann og segir honum að þrjár gerðir af Volkswagen bílum, þar af tvær gerðir af hinni víðfrægu bjöllu, séu falar fyrir jafnvirði tæpra 1,1 milljónar íslenskra króna. Breska dagblaðið Guardian segir Volkswagen hafa tekið auglýsinguna af dagskrá þegar bandarísk hagsmunasamtök brugðust harkalega við í ljósi þess að rúmlega ein milljón Bandaríkjamanna geri tilraun til þess að fyrirfara sér á ári hverju. Þá munu um 300.000 manns hafa fallið fyrir eigin hendi á síðustu tíu árum, að sögn blaðsins. Þetta mun vera í annað sinn í þessum mánuði sem bílaframleiðandi í Bandaríkjunum flaggar sjálfsmorði í auglýsingu. Hitt fyrirtækið sem gerði slíkt var General Motors. Í hlutverki fórnarlambinsins var hins vegar ekki einstaklingur heldur vélmenni sem flogaði sjálfsmorð eftir að það missir vinnuna í kjölfar þess að glopra skrúfbolta við framleiðslulínu GM. Að sögn GM var markmið auglýsingarinnar að sýna hátt gæðamat starfsmanna hjá fyrirtækinu.

STARFSMANNAMÁL

Framtíðarleiðtogar í hættu?

Nýlega var gerð könnun í Bretlandi á vegum Institute of Leadership and Management (ILM) á meðal starfsfólks á aldrinum 18-24 ára sem birt er á vefsíðunni www.i-l-m.com. Könnunin leiddi meðal annars í ljós að næstum 30% svaraenda sem sögðust hafa upplifað slæma yfirmenn sögðust ekki vilja verða yfirmenn sjálfir.

Stór hluti ungmenna greindi frá því að yfirmaður héldi aftur af þeim við vinnu og fjórðungur aðspurðra taldi sig geta stjórnað betur en núverandi yfirmaður.

Þá segist fjórðungur ennfremur vera tilbúinn að yfirgefa fyrirtæki í framtíðinni ef því er illa stjórnað.

Bretar telja að samkvæmt þessum niðurstöðum séu framtíðarleiðtogar þeirra í hættu og vilja snúa vörn í sókn.

GAMALDAGS STJÓRNUNARSTÍLL

Þegar spurt er í könnuninni um helstu atriði sem ungu fólki mislíkar við stjórnendur eru helstu svör á þá leið að stjórnendur sem aðhyllist gamaldags vinnubrögð séu síst vinsælir.

Þeir stjórnendur sem tileinka sér skipandi stjórnunarstíl eru óvinsælir og 60% svaraenda sögðu að þeim mislíkaði mest stjórnandi sem sífellt kenndi öðrum um.

Þá valdi unga fólkið þá stjórnendur einna síst vinsæla sem gerðu ráð fyrir að starfsfólk hlýddi án nánari útskýringa. Enn neðar á vinsældalistanum voru stjórnendur sem hindruðu að starfsfólkið fengi að leggja til málanna.

FRAMSÆKNIR OG HVETJANDI STJÓRNENDUR

Þegar komið var að spurningum

um æskilega eiginleika stjórnenda töldu flestir að framsæknir og hvetjandi stjórnendur væru þeir bestu. 86% aðspurðra töldu æskilegast að stjórnandi væri aðgengilegur og ráðgefandi fyrir starfsmenn, þá voru þeir stjórnendur vinsælir sem leyfa starfsfólki að klára verkefni á eigin vegum.

En þrátt fyrir þessar niðurstöður og lítið álit á stjórnendum í mörgum svörum segist 61% af aðspurðum framtíðarleiðtogum Breta búast við að læra stjórnun af sínum yfirstjórnanda. Sú staðreynd ýtir óneitanlega undir mikilvægi þjálfunar stjórnenda

á öllum stigum í skipuriti fyrir tækja og stofnana.

Sif Sigfús-dóttir, MA í mannauðsstjórnun.



SPÁKAUPMAÐURINN

Gott að vera stór

Stundum er gott að vera stór. Samt ekki of stór. Ég naut þess í síðustu viku að vera einn af þeim kúnnum greiningardeildar Landsbankans sem fékk senda nýja greiningu á Eimskipafélaginu. Greiningin hljóðaði upp á mun hærra gengi en markaðsgengið.

Ég stökk upp úr sófanum þannig að kaffið skvettist úr bollanum. Las greininguna með hraði. Fór einu sinni á hraðlestrarnámskeið og er snöggur að þessu. Mér sýndist vit í greiningunni og áður en tíu mínútur voru liðnar hafði ég tekið stöðu í félaginu. Hækkunin lét ekki á sér standa og ég seldi í lok dags, ánægður með dagsverkið. Þessi snúningur borgaði að minnsta kosti hreinsunina á skýrtunni sem kaffið helltist yfir,

Annars er ég meira með hugann við stóru myndina þessa dagana. Markaðurinn hefur verið á fleygiferð og skýringar á þeirri hækkun liggja í væntingum um frekari útrás. Eins og ég sagði síðast, þá er margt í pípunum. Einhverjir voru að saka mig um að fara fram úr mér í spám um sameiningar á bankamarkaði. Ég hef ekki skipt um skoðun og veðja ennþá á að fjármálagæirinn eigi helling inni. Ég sé ekki betur en að fleiri og fleiri séu að verða sammála mér.

Ef maður horfir á hluthafahóp Kaupþings og Glitnis, þá held ég að þar séu menn sem hugsa að mestu leyti eins og ég sjálfur. Gamla pólitíkin er farin út í veður og vind og menn hugsa bara um business. Alla vega í vinnunni.

Þannig held ég að engar sérstakar hindranir séu í hluthafahópunum að slá öllu saman sjái menn í því tækifæri að ráða yfir stórum norrænum banka. Á Norðurlöndunum horfa menn til þess að norrænir bankar þurfa að keppa við stóra evrópska banka um viðskiptavinum framtíðarinnar. Stærðin mun því skipta verulegu máli, sérstaklega þegar harðnar á dalnum og samkeppnin verður grimmari.

Það eru margir sem spá því að Kínverjar kaupi evrópskan banka innan örfárra ára. Trendið er það sama alls staðar. Menn verða að stækka og vera leiðandi á sínu sviði. Þetta er grimmur heimur og það verður valtað yfir þá sem eru veikburða. Ef Darwin gamli á einhvers staðar heima, þá er það í business.

Ég held að það séu ennþá ótrúlega mörg tækifæri eftir á innlenda markaðnum. Seinnipartur ársins gæti falið í sér smá bakslag, þegar krónan gefur eftir. Þá er náttúrulega bara málið að vera með góðar undirstöður og hafa sterkar taugar. Ég bý yfir hvoru tveggja og lít björtum augum fram á veginn. Reyndar líka aftur á bak, en það er önnur saga.

Spákaupmaðurinn á horninu

MARKAÐURINN
Einfalt
mál



EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT

Hvort sem þú ert sérfróður um viðskipti eða einn af þeim sem finnst viðskiptafréttir yfirleitt of flóknar og háfleygar, getur þú fylgst með öllu því sem er að gerast í viðskiptalífinu í gegnum Markaðinn. Við færum þér fréttirnar skýrt og skorinort.



Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga



Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2



Markaðurinn á Vísí alla daga

VIÐSKIPTAFRÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR

AURASÁLIN

Draumóralandið

Ísland á um þessar mundir í mikilli kreppu. Hún endurspeglast í því brenglaða gildis- og verðmætamati sem unga fólkið okkar hefur tileinkað sér, ekki hvað síst hinir villuráfandi sauðir sem gert hafa bókina Draumalandið að eins konar testamenti nýrra trúarbragða.

Það skal fúslega játaast að Aurasálin hefur ekki lesið Draumalandið, enda hefur hún ekkert með það að gera. Aurasálin hefur fyrir löngu komist að öllum þeim sannleik sem henni er nauðsynlegur til að lifa í þessum heimi og hefur ekkert að gera við enn einn falsspádóminn sem afvegaleiðir hinar velmegandi kynslóðir okkar af braut verðmætasköpunar inn á stigu ofeldis og tómhyggju. Nei, Aurasálin er greindari en svo að fara að láta listamenn hræra upp í heimsmynd sinni.

Enn ein birtingarmyndin á veruleikafirringu Íslendinga leit dagsljósið í síðustu viku þegar feministar, kommúnistar og vandlætingarmenn þessa lands sameinuðust gegn því að hér á landi haldi ráðstefnu sína framleiðendur kynsandi kvikmynda. Þetta sama lið og er búið að baula gegn fullnýtingu fallvatnanna og prédika náttúrufergurð og náttúruvernd hoppar nú hæð sína af hneykslan þegar hugvitsamir útlendingar finna loksins eitthvað gagnlegt að gera við alla þessa náttúrufegurð.

Þegar kemur að kvikmyndum er Aurasálin mjög víðsýn og hefur í gegnum árin séð sinn skerf af öllum tegundum kvikmynda. Fyrir þetta skammast Aurasálin sín vitaskuld ekki – og frómt frá sagt hefur það einmitt hvarflað að henni að náttúra Íslands gæti verið góður vettvangur fyrir hugljúf ástarævintýri í erótískum kvikmyndum. Og nú loks þegar erlend athafnaskáld hafa komið auga á þennan möguleika þá ætla hvernig náttúrulausi her náttúruverndarsinna að reyna að koma í veg fyrir þessa skynsamlegu, sjálfbæru og umhverfisvænu starfsemi.

Þetta Draumalandslið er svo sannarlega óútreiknanlegt. Fyrst kvartar það yfir því að það sé verið að nota gamaldags framleiðslugreinar til þess að viðhalda eðlilegu athafnalífi í landinu – og heimtar að hugvitið verði í askana látið. Svo loksins þegar einhverjar raunhæfar hugmyndir um verðmætasköpun koma fram þá er eins og við manninn mælt að það sé ekki nógu gott.

Klámvæðing Íslands er fyrsti raunhæfi valkosturinn við álvæðinguna sem Aurasálin hefur heyrt. Og það besta er auðvitað að hægt er að reka arðvænan áliðnað samhliða blómstrandi klámmyndaðinaði ásamt undirstöðuatvinnuvegunum, landbúnaði og sjávarútvegi. Hvernig getur unga fólkið verið ósátt við þessa framtíðarsýn?

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



LINDA BJÖRK GUNNLAUGSDÓTTIR, FORSTJÓRI A. KARLSSON, ÁSAMT FRAMKVÆMDASTJÓRUNUM INGÓLFU GARÐARSSYNI (T.V.) OG GUÐMUNDI HREIÐARSSYNI (T.H.) „Okkar svið eru á fyrirtækja-, heilbrigðis- og hreinlætismarkaðnum og þar ætlum við að vaxa. Við erum nú tilbúin í mikinn vöxt. Það liggja fyrir metnaðarfullar áætlanir um vöxt á þessu og næstu árum og eins og árið byrjar þá lofar það góðu.“

MARKAÐURINN/GVA

Gleði, metnaður og vöxtur hjá A. Karlssyni

Linda Björk Gunnlaugsdóttir tók við starfi forstjóra A. Karlssonar á síðasta ári. Hún segir að eftir stefnumótun og endurskipulagningu sé þetta rótgróna fyrirtæki vel í stakk búið fyrir mikinn vöxt.

Eggert Þór Aðalsteinsson hitti Lindu Björk að máli.

A. Karlsson stendur nú á tímamótum en í næsta mánuði flytur fyrirtækið starfsemi úr Brautarholti í nýtt og tvöfalt stærra húsnæði í Víkurhvarfi í Kópavogi. Linda Björk Gunnlaugsdóttir, sem var ráðin forstjóri félagsins í fyrra, segir að stefnt sé að miklum innri vexti félagsins, jafnt innan- sem utanlands. „Okkar lykilbirgjar standa þétt við bakið á okkur og er það sameiginlegt markmið okkar að markaðssetja fyrirtækin betur en gert hefur verið á undanförnum árum,“ segir hún.

GLEÐIN VIÐ VÖLD

Stjórnendur A. Karlssonar eyddu drjúgum tíma á síðasta ári í það að laga til í rekstri félagsins og dótturfélagsins Besta sem sérhæfir sig í sölu á hreinlætisvörum. Endurskipulagning og stefnumótun voru nauðsynleg ef fyrirtækið ætlaði sér að vaxa og auka markaðshlutdeild. „Bæði fyrirtækin voru stofnuð af frumkvöðlum og bar reksturinn þess merki. Í raun voru bæði fyrirtækin stöðnuð. Þau höfðu ekki verið að taka nógu mikinn þátt í þeim gífurlega mikla vexti sem verið hefur á Íslandi undanfarin ár,“ segir Linda og bendir á að velta félagsins hafi nánast ekkert vaxið

á mesta uppgangstíma íslenska hagkerfisins. „Okkar svið eru á fyrirtækja-, heilbrigðis- og hreinlætismarkaðnum og þar ætlum við að vaxa. Við erum nú tilbúin í mikinn vöxt. Það liggja fyrir metnaðarfullar áætlanir um vöxt á þessu og næstu árum og eins og árið byrjar þá lofar það góðu,“ segir Linda og bætir við starfsmenn hafi kosið að hafa gleði sem eitt af gildum fyrirtækisins í stefnumótunni. Góð stemmning ríkir því í herbúðum fyrirtækisins fyrir næstu skref.

ALLT FYRIR HEILBRIGÐISGEIRANN

A. Karlsson var stofnað fyrir rúmum þrjátíu árum en Atorka Group eignaðist það árið 2004 þegar félagið yfirtók fjárfestingafélagið Líf. A. Karlssyni er skipt upp í tvö svið og starfar einkum á fyrirtækjamarkaði. Fyrri kjölfestan er heilbrigðissvið þar sem boðið er upp á mjög breitt vöruúrval fyrir heilbrigðisstofnanir og sjúkrahús, allt frá saumum og bjargráðum í fólk upp í stóra sóna og skanna frá General Electric. Linda segir að fyrirtækið geti boðið upp á að innrétta heilu skurðstofurnar eða heilsugæslustofnanir. Það er þó ekki í lyfjasölu.

Að hennar sögn hefur félagið verið að fóta

sig áfram á stoðtækjamarkaði með því að bjóða upp á stuðningstæki, hjólastóla og rúm. „Kröfurnar hjá eldra fólki, yfir sextíu ára og eldri, hafa verið að aukast og við höfum verið að bæta við vöruúrval sem hentar þessum hópi sem er alltaf að stækka.“

Linda segir að það séu spennandi tímar fram undan, enda hefur verið mikil uppbygging á öldrunarheimilum og svo er væntanlegt nýtt háskólasjúkrahús. Þá fleygir tækninni fram sem kallar á stöðuga endurnýjun tækjabúnaðar. Vöxtur heilbrigðissviðsins mun þó alltaf vera háður því hversu miklum fjármunum ríkið veiti til heilbrigðismála.

LAUSNIR FYRIR VEITINGAHÚS

Hin stoðin hjá A. Karlssyni er svokallað fyrirtækja- og smásölusvið þar sem viðskipavinirnir koma fremur úr einkageiranum en þeim opinbera. „Þarna hefur verið mikill vöxtur á síðustu árum og við þurfum ekki annað en að horfa á þau hótél, gistihús og veitingastaði sem hafa sprottið upp,“ segir Linda. Þar hefur A. Karlsson til að mynda verið að sækja fram á sviði eldhústækja og getur boðið upp á öll tæki, borðbúnað fyrir mótuneyti, kaffistofur, veitingahús, kaffihús og bari. Linda nefnir sérstaklega að fyrirtækið geti boðið

upp á margar lausnir varðandi innréttingar fyrir rekstur af þessum toga og sé duglegt við að koma með nýjungar í þeim efnum í samvinnu við birgja. Þá sérhæfir A. Karlsson sig í því að innrétta hótélherbergi með öllu og hefur fyrirtækið séð um innréttingar á mörgum hótélum landsins, meðal annars Nordica-hótelinu, og býður einnig upp á breiða línu fyrir skrifstofur.

Eins og áður sagði stendur fyrir dyrum flutningur höfuðstöðva A. Karlssonar í glænýtt húsnæði við Víkurhvarf. „Nýja húsnæðið er um 2.100 fermetrar sem fer að stærstum hluta undir lifandi sýningar svæði. Þú kemur inn og upplifir það sem við erum að selja. Við ætlum að setja upp eldhús, hótélherbergi, mótuneyti og bar.“ Á heilbrigðissviðinu verður sett upp sjúkrastofa og skurðstofa til að sýna það sem fyrirtækið hefur upp á bjóða á þeim vettvangi.

BESTA Í VEXTI

Dótturfyrirtækið Besta sérhæfir sig í sölu á öllu því sem snýr að hreinlætisvörum, allt frá stórum gólfþvottavélum og til hreinlætisefna. Aðspurð um kaupin á Besta segir hún að mikil samlegð liggi milli A. Karlssonar og Besta. „Þarna liggja mörg krosssölutækifæri. Þegar við seljum heilu eldhúsin eða

hótelinnréttingarnar þá getum við boðið upp á allar hreinlætisvörur með.“

Besta starfrækir fjórar verslanir, í Reykjavík í Reykjanesbæ, Grundarfirði og á Egilsstöðum, og horft er til fjölgunar verslana undir merkjum keðjunnar. Stefnt er að flytja Besta úr Sigtúnshúsinu við Suðurlandsbraut í helmingi stærra húsnæði við Ármúla 23 í byrjun mars. Nýja verslunin verður í sama anda og nýju höfuðstöðvarnar, þar fá viðskiptavinir að kynnast þeim hreinsiefnum og öðrum vörum sem verslunin býður upp á. Linda segir að það sé gífurlegur munur að þrífa, hvort sem er heima hjá sér eða í fyrirtæki, ef réttu efnin eru höfð við höndina, bæði hreinsiefni og tæki og moppur.

Að mati Lindu liggur styrkur A. Karlssonar og Besta í breiðri vörulínu og sterkum og góðum vörumerkjum. Fyrirtækið rekur samhliða þessu þjónustudeild til að annast þjónustu tengdum viðgerðum, ábyrgðum og eftirsölu auk þess að annast uppsetningar á tækjum. Galdur fyrirtækisins liggur þó aðallega í breiðum hópi starfsmanna sem búa yfir fjölbreyttri reynslu og þekkja vel til þeirra tækja og tóla sem fyrirtækið selur. Í herbúðunum eru meðal annars innanhúsarkitektar, kokkar, þjónar, hjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfar, sjúkrahjálparar og líffræðingar og aðrir sölumenn með mikla reynslu að baki. „Þetta er fjölbreyttur hópur fólks sem hefur gífurlega vörubekkingu, reynslu og getur veitt ráðgjöf um vöruval og teiknað upp skipulag og innréttingar fyrir t.d. veitingahús, skrifstofur, skurðstofur svo eitthvað sé nefnt.“

LÍKA ÚTRÁSARFYRIRTÆKI

Velta A. Karlssonar og Besta nam 1,7 milljörðum króna á síðasta ári. En þar með er ekki öll sagan sögð. Félögin eru ekki síður útrásarfyrirtæki en sölufyrirtæki á innanlandsmarkaði því í Eystrasaltslöndunum þremur er rekið dótturfélag A. Karlssonar sem er eftirmynd af heilbrigðissviðinu. „Þar notuðum við sambönd sem við höfðum við nokkra stóra birgja til þess að byrja að selja inn á heilbrigðisstofnanir þar. Það fyrirtæki hefur vaxið gífurlega og þarna liggja mikil tækifæri. Veltan þarna er farin að slaga hátt í veltu móðurfélagsins.“

Einnig er rekið fyrirtæki í Danmörku undir nafni Besta sem var stofnað í mars í fyrra eftir að A. Karlsson fékk Evrópuumboð fyrir bandaríska hreinsivöruframleiðandann Spartan Chemicals. Stefnt er að velta fyrirtækisins, sem starfar á fyrirtækjamarkaði, fari í eitt hundrað milljónir króna með einum sölumanni. „Þetta er stór og spennandi markaður. Við ætlum að vaxa þarna og ráða inn fleiri starfsmenn. Við byrjuðum í Danmörku og Svíþjóð, fórum svo niður til Þýskalands og höfum nú komið okkur til Rússlands,“ segir Linda að lokum.

BLAÐAMANNAVERÐLAUNIN 2006



Auðunn Arnórsson, Fréttablaðinu
Besta umfjöllun ársins 2006 – Ítarleg og vönduð umfjöllun um Evrópumál.

FRÉTTABLAÐIÐ



Jóhannes Kr. Kristjánsson, ritsjóri Kompáss
Besta rannsóknarblaðamennska ársins 2006 – Afhjúpandi umfjöllun um málefni barnaníðinga og Byrgið.



VIÐ ERUM STOLT AF OKKAR MÖNNUM!

Hlúa ber vel að auðæfum þjóðarinnar

Lífeyrisbókin – handbók fyrir stjórnendur lífeyrissjóða – hefur verið endurútgefin af eignastýringu Kaupþings í samstarfi við lífeyrissjóðina. Útgefandinn vill með fræðsluritinu minna á þann mikla auð sem hefur safnast hjá lífeyrissjóðunum og koma á framfæri þeirri þekkingu sem skapast hefur innan veggja bankans á lífeyrismálum. *Eggert Þór Aðalsteinsson* ræddi við **Sigurð Kristinn Egilsson**, ritstjóra bókarinnar.

Eignastýring Kaupþings hefur endurútgefið bókina Lífeyrisbók – handbók fyrir stjórnendur lífeyrissjóða, sem fyrst kom út árið 2003, og ritstýrði Sigurður Kristinn Egilsson, forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta hjá Kaupþingi, verkinu. Hann segir að ritið sé unnið í samstarfi við lífeyrissjóðina en jafnframt hugsað sem ákveðin þjónusta við þá. „Við viljum koma því á framfæri hversu mikilvæg auðlind lífeyrissjóðirnir eru fyrir íslenskt samfélag. Kaupþing hefur átt mikið og gott samstarf við lífeyrissjóðina og við viljum gera þeim góð skil,“ segir Sigurður Kristinn og bætir við að þetta

sé fyrst og fremst hugsað sem hlutlaust fræðslurit.

„Innan bankans er mikil þekking á lífeyrissjóðum og menn vilja koma henni á framfæri í rituðu máli. Hjá lífeyrissjóðunum starfar nú mikill fjöldi sérfræðinga sem við eigum í góðu sambandi við.“

Gríðarlegir hagsmunir liggja í þessum verðmætum en Sigurður bendir á að hlutfall eigna íslensku lífeyrissjóða sé það hæsta meðal OECD-þjóða og var komið í 120 prósent af landsframleiðslu í árslok 2005. „Það er rík ástæða að hlúa vel að þessum verðmætum og engin ástæða til annars en að ætla að lífeyrissjóðirnir haldi áfram að vaxa,“ tekur hann fram.

FYRIR ÁHUGAMENN UM LÍF-EYRISMÁL

Eins og titill bókarinnar ber með sér er ritið einkum ætlað starfsmönnum og stjórnarmönnum lífeyrissjóða. Markmiðið með ritinu er að mynda sameiginlegan flöt á lífeyrissjóðunum fyrir stjórnendur og starfsmenn lífeyrissjóða og þá sem hafa áhuga á stjórnun lífeyrissjóða og lífeyrismálum. Bókin verður meðal annars notuð til grundvallar á námskeiði sem haldið verður fyrir starfsmenn lífeyrissjóða sem og þá sem hafa áhuga á stjórnun þeirra á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands á vormánuðum.

Í Lífeyrisbókinni er greint frá því hvernig lífeyrissjóðunum er stýrt almennt og hugmyndafræðinni á bak við stjórnun þeirra. Lagalegt umhverfi þeirra er grunnurinn að starfsemi og er greint ítarlega frá því. Ritinu er svo skipt í þrjá meginþætti þar sem fjallað er um rekstur lífeyrissjóða, áhættustýringu og eigna- og skuldastýringu og helstu aðferðum þar að lútandi.

Þá svara stjórnendur lífeyrissjóða og aðrir hagsmunaaðilar ýmsum spurningum í ritinu er snúa að lífeyrissjóðakerfinu. Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, segir meðal annars að greiðsluflæði lífeyrissjóðanna muni breytast á komandi áratugum með breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar og jafnvel verða neikvætt, það er að iðgjöld, fjármagnstekjur og reglulegar afborganir lána munu ekki duga fyrir lífeyrisgreiðslum. Selja þurfi því eignir sem muni leiða til þess að hlutdeild þeirra í sparnaði þjóðarinnar fari minnkandi. Þessa mun þó ekki gæta fyrr en eftir nokkra áratugi.

Þá bendir Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, á að upphaf lífeyriskerfisins megi rekja til kjarasamninga fyrir næstum fjórum áratugum. „Ég leyfi mér að fullyrða að fá atriði í kjarasamningi hafa haft jafn mikil langtímaáhrif,“ segir Grétar í bókinni.

Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar Group, kemur inn á þátt lífeyrissjóðanna í útrásinni og segir þá hafa gegnt miklu hlutverki í vexti íslenskra fyrirtækja erlendis á undanförmum árum. Og þá ræðir Stefán Halldórsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga, um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar lífeyrissjóða og telur að sjóðirnir eigi að beita styrk sínum til að stuðla að jákvæðri þróun.

VAXTANÆMNI OG ÁHÆTTUÁLAG Meðal þeirra atriða sem er fjallað um í Lífeyrisbókinni er samspil eigna og skuldbindinga lífeyrissjóða. Þar er vakin athygli á vaxtanæmni skuldbindinga og bent á þá áhættu sem fylgi breyttu vaxtastigi. Í tryggingafræðilegri úttekt eru notaðir 3,5 prósent raunvextir við að núvirda eignir og skuldbindingar og miðað við þá ávöxtunarkröfu er almennt jafnvægi milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóða í dag. Sigurður bendir á að ef notaðir væru aðrir vextir, til dæmis 2,5 prósent, þá myndi skapast ójafnvægi þar sem líftími skuldbindinga lífeyrissjóða



MITSTJÓRINN SIGURÐUR KRISTINN EGILSSON, FORSTÖÐUMAÐUR EIGNASTÝRINGAR FAGFJÁRFESTA HJÁ KAUPÞINGI Ef vextir tækju að lækka hérlandis þá þyrfti eflaust að nota aðra prósentu en 3,5 prósent við núvirðingu eigna og skuldbindinga sem gæti haft töluverð neikvæð áhrif á réttindi sjóðfélaga.

MARKAÐURINN/ANTON

er almennt töluvert lengri en líftími eigna. Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða myndi þá versna um 20 prósent miðað við óbreyttar forsendur. „Ef vextir fara að lækka á Íslandi, sem gæti til dæmis gerst með uppþöku evrunnar, þá þyrfti eflaust að nota aðra prósentu en 3,5 prósent við núvirðingu eigna og skuldbindinga sem gæti haft töluverð neikvæð áhrif á réttindi sjóðfélaga.“ Ef notuð er hærri tala en 3,5 prósent þá mætti hins vegar búast við réttindaaukningu að sögn Sigurðar. „Aðalatriðið er að þessi áhætta sé uppi á borðinu og tekið sé tillit til hennar. Þannig eru til dæmis óuppgreiddanleg verðtryggð löng skuldabréf hentugur fjárfestingakostur fyrir lífeyrissjóði til að minnka þessa áhættu. Þannig geta lífeyrissjóðir stýrt þessari áhættu að einhverju leyti.“

Í bókinni er kafla um áhættustýringu þar sem fjallað er um nýja aðferðafræði í þeim efnum. „Þetta er aðferð til að meta áhættuálag hvers lífeyrissjóðs og hún er metin út frá líkunum á því að sjóðir geti staðið við skuldbindingar sínar. Ef lífeyrissjóður ætti bréf sem eru nákvæmlega eins og skuldbindingarnar þá væri áhættuálagið núll. En ef hann ætti hundrað prósent í hlutabréfum þá er áhættuálagið meira því við vitum ekki hvernig verð hlutabréfa þróast.“

FYRIRMYND ANNARRA RÍKJA Íslenska lífeyrissjóðakerfið

hefur vakið athygli víða erlendis og horfa margir á það hálfgerðum öfundaraugum, enda er ljóst að mörg erlend lífeyriskerfi eru í raun og veru gjaldþrota. Íslenska kerfið hefur vaxið hratt og styrkst til mikilla muna á undanförmum árum.

Sigurður segir að erlendis horfi menn til þátta eins og kerfis samtryggingar og séreignar og bendir á að í inngangsskrifum Zvi Bodie, virts fræðimanns á sviði lífeyrismála, er vakin athygli á verðtryggingunni sem er mjög til umræðu þessa dagana. „Hann nefnir hana sem nýstárlega aðferð við fjármögnun lífeyris. Þá er hugsunin sú að þegar ungir einstaklingar kaupa sér íbúð þá taka þeir verðtryggð lán. Þessir einstaklingar fara inn á vinnumarkaðinn og borga í lífeyrissjóði sem eru í raun og veru að fjármagna íbúðakaupin með því að kaupa verðtryggð íbúðarbréf á markaði. Sjóðirnir ávaxta peninga sjóðsfélaga, meðal annars með þessum verðtryggðu íbúðarbréfum, til að greiða þeim síðar út verðtryggðan lífeyri.“ Zvi Bodie skilgreinir þetta sem lokaða hringrás þótt nú sé kominn ákveðinn leki í hana þar sem erlendir aðilar eru farnir að kaupa þessi verðtryggðu bréf.

„Það að virtustu fræðimenn heims á sviði lífeyrismála vitni í íslenska lífeyriskerfið sem ákveðna fyrirmynd gefur íslenska kerfinu góðan vitnisburð,“ segir Sigurður Kristinn að lokum.



First North – stærri tækifæri fyrir smærri fyrirtæki

Morgunverðarfundur OMX Nordic Exchange á Íslandi


Kauphöllin býður félögum, fjárfestum og öðrum markaðsaðilum til morgunverðarfundar 22. febrúar á Nordica hotel (salur FG). First North Iceland er markaður þar sem minni kröfur eru gerðar en við skráningu á Aðallista Kauphallarinnar. Á síðasta ári opnaði ísec markaðurinn sem varð um áramótin First North Iceland. Af því tilefni var reglum markaðarins breytt. Þetta var fyrsta skrefið í samþættingu Kauphallarinnar við OMX Nordic Exchange. Helsta breytingin, innleiðing ráðgjafa (Certified Advisor) við skráningarferlið og meðan skráning varir, er kynnt sérstaklega.

Dagskrá:

- 8:00 Morgunverður
- 8:10 **First North - Power Source for Future Companies**
Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar
- 8:25 **Nordic Alternative on the Rise - the experience so far**
Johan Allstrin, Head of Sales, OMX Company Services, Stockholm
- 8:40 **Certified Advisor - opportunities and responsibilities**
Rickard Lindgren, Compliance Officer, Kaupthing Bank Sverige
- 8:55 **Umræður**

Fundi lýkur kl. 9:10. Fundarstjóri er Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallarinnar.

Vinsamlegast skráið ykkur fyrir kl. 12:00 miðvikudaginn 21. febrúar með pósti á ingibjorg.gudjonsdottir@omxgroup.com.



Með nýjum tímum koma stærri tækifæri fyrir smærri fyrirtæki

FIRSTNORTH

omxgroup.com/nordicexchange/firstnorth

Hafði fregnir af sköpunar- gleði og náttúrufegurð

Lisa Johnsons, frumkvöðull í markaðsrannsóknunum með sérstakri áherslu á kauphegðun kvenna, hélt fyrirlestur á vegum Samtaka verslunar og þjónustu og Félags kvenna í atvinnurekstri í Salnum í Kópavogi í gær. Óli Kristján Ármannsson hafði samband við Lisu fyrir fundinn. Hún segir vandann við auglýsingar sem höfða eigi til kvenna alla jafna hafa verið að þær væru leiðinlegar.

Konur eru kröfuharðari markhópur og þess vegna borgar sig að miða markaðssetningu við þær. „Vörumerkin verða ekki kvenlegri fyrir vikið heldur sterkari,“ segir Lisa Johnsons, frumkvöðull í markaðsrannsóknunum og annar höfunda metsölubókarinnar „Don't Think Pink“. Lisa hélt fyrirlestur í Salnum í Kópavogi í gær. Hún er bandarísk og var hér í sinni fyrstu heimsókn.

Aukinheldur segir Lisa að vegna þess að konur stýri oft innkaupum bæði á heimilum og í fyrirtækjum borgi sig að höfða til þeirra í auglýsingum. „Oft á tíðum eru konur ekki bara að kaupa fyrir sjálfar sig, heldur líka fyrir börnin, eiginmanninn og aldraða foreldra. Svo er það líka oft þannig að þótt fólk ákveði innkaupin sameiginlega sér konan um að kanna kostina og vinsa úr lokavalkosti.“

Að sögn Lisu standa mörg fyrirtæki sig mun betur en áður í því að höfða til kvenna með auglýsingum sínum. „Sérstaklega hefur orðið þar breyting á síðustu fimm árin eða svo. Almennt séð hafa stærstu mistökin ekki verið að auglýsingar hafi verið niðrandi eða móðgandi, þótt ekki sé hægt að neita því að dæmi eru um slíkt, heldur hafa þær bara verið svo leiðinlegar. Hvar er tónlistin, kímigáfan og skilaboðin sem hjálpa konum að samsama sig þessum auglýsingum,“ segir hún og nefnir snyrtivörufyrirtækið Dove sérstaklega sem dæmi um fyrirtæki sem tekist hafi vel upp í að fanga hug og hjörtu kvenna, til dæmis með „Real beauty“ auglýsingaherferð sinni.

Lisa segist afar ánægð yfir að hafa fengið tækifæri til að sækja landið heim og hafi hlakkað mikið til fararinnar. „Eftir að ég tók að skipuleggja för mína hingað sendi ég svona fyrirspurnir út í tengslanetið hjá mér og ræddi við vini og samstarfsfólk sem hingað hafði komið. Mér var þá sagt frá einstakri náttúrufegurð sem hér væri að finna og af tískumeðvitund fólksins. Eins var oft talað um sköpunargleðina sem einkenndi Íslendinga. Ég er þess fullviss að ferð mín til Íslands verður bæði fróðleg og lærdómsrík, bæði hvað störf mín varðar og eins persónulega.“

LISA JOHNSON Lisa leggur áherslu á orð sín í Salnum í Kópavogi í gær, en þar ræddi hún kauphegðun kvenna og hvernig best væri að koma skilaboðum til kvenna. Hún segir konur kröfuharðari en karla og því skipti miklu að vel takist upp í auglýsingum eigi þær að grípa hug þeirra.

MARKAÐURINN/PIJETUR



VEL SÓTTUR FYRIRLESTUR
Salurinn var þétt setinn á fyrirlestri Lisu Johnson í Salnum í Kópavogi í gær. Samtök verslunar og þjónustu og Félag kvenna í atvinnurekstri stóðu fyrir samkomunni.
MARKAÐURINN/PIJETUR

Fjárfestingar lífeyrissjóða

Á morgun býður Lífeyrissjóður verkfræðinga til hádegisverðar á Grand Hótel Reykjavík milli klukkan tólf og eitt. Þar verður fjárfestingastefna lífeyrissjóða og hlutverk þeirra í efnahagslífinu rædd í þaula.

Ræðumenn á fundinum verða þau Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB, Skarphéðinn Berg Steinarsson hjá Baugi og Tryggvi Þór Herbertsson, forstjóri nýja fjárfestingabankans Aska Capital.



EXECUTIVE MASTER IN ENERGY MANAGEMENT

Part-time, 12-month programme in cooperation with ESCP-EAP and the French Petroleum Institute IFP. The programme is professionally oriented and designed to give participants a comprehensive understanding of key energy issues and improve their analytical and managerial skills.

MBA

Full-time, 12-month programme with a general management curriculum that also addresses one of the most important global issues of the 21st century: emerging economies, China in particular, and their impact on the world economy. The programme includes a month-long study period at Fudan University, Shanghai.

EXECUTIVE MBA

Part-time, 18-month programme in cooperation with the well-recognised business school ESCP-EAP, which has its main campus in Paris, France. The programme is designed for those who currently hold a management position, but need additional training in management and leadership skills.



For more information about our programmes please visit our website at www.bi.edu

INFORMATION MEETING ON THURSDAY FEBRUARY 22nd AT 17.00 AT NORDICA HOTEL REYKJAVIK

SVÞ fær Athygli

Almannatengslafyrirtækið Athygli ehf. hefur gengið í Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ).

Að sögn Valþórs Hlökkverssonar, framkvæmdastjóra Athygli, eru ástæður inngöngunnar meðal annars þær að Athygli vilji sýna samstöðu meðal þjónustufyrirtækja og stuðla að aukinni umræðu innan greinarinnar.

„Við teljum Samtök verslunar og þjónustu vera öfluga hreyf-

ingu sem stuðli að betra starfsumhverfi fyrir verslun og þjónustu í landinu og vonumst til að eiga gott samstarf við þá aðila sem starfa innan vébanda SVÞ,“ er eftir Valþóri haft í tilkynningu.

Athygli er með höfuðstöðvar í Reykjavík en rekur einnig starfsstöð á Akureyri.

- óká

Aðalfundur

Fasteignafélagsins Stoða hf.

Aðalfundur Fasteignafélagsins Stoða hf. verður haldinn miðvikudaginn 28. febrúar nk. á Hótel Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, sal G. Fundurinn hefst kl. 16.00.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi á liðnu ári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir starfsárið 2006.
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
5. Breyting á samþykktum: Tillaga um að hækka hlutafé félagsins með útgáfu nýrra hluta, að fjárhæð 292.000.000 kr. að nafnvirði á genginu 13,7 sem þegar hefur fengist áskrift fyrir. Það leiðir af tillögunni að hluthafar falla frá áskriftarrétti.
6. Breyting á samþykktum: Tillaga um að hækka hlutafé félagsins með útgáfu nýrra hluta, að fjárhæð 230.000.000 kr. að nafnvirði á genginu 16,5 sem þegar hefur fengist áskrift fyrir. Það leiðir af tillögunni að hluthafar falla frá áskriftarrétti.
7. Kosning stjórnar og endurskoðanda.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

FASTEIGNAFÉLAGIÐ



STOÐA HF.

Kringlótt 4-12 - 15. HÍH Reykjavík - Ísland
Sími/Tel. + 354 575 9000 - Fax + 354 575 9001

visir

www.visir.is

**FYRSTUR MEÐ
FRÉTTIRNAR**

LOGOS kostar stöðu lektors í HÍ

LOGOS lögmansþjónusta kostar stöðu lektors við lagadeild Háskóla Íslands næstu þrjú ár. Kristín Ingólfssdóttir rektor, Páll Hreinsson, forseti lagadeildar, og Gunnar Sturluson, framkvæmdastjóri LOGOS, undirrituðu samning þessa efnis í gær.

Kostnaður LOGOS vegna þessa nemur um 15 milljónum króna en markmiðið er að efla

kennslu og rannsóknir við lagadeild Háskóla Íslands á sviði stjórnsýsluréttar með áherslu á reglur um eftirlit stjórnvalda með starfsemi á fjármálamarkaði, að því er segir í tilkynningu.

LOGOS fagnar aldarafmæli á þessu ári og er samningurinn við HÍ þáttur í því að minnast tímamótanna.

- jab



FRÁ UNDIRRITUN SAMNINGS Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, Gunnar Sturluson, framkvæmdastjóri LOGOS, og Páll Hreinsson, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, takast í hendur við undirritun samningsins.

Nýmæli í kostun prófessors við HÍ

Fríðrik Már Baldursson mun framvegis gegna stöðu prófessors við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands með fulltingi Kaupþings. Í lok síðasta árs gerðu Háskóli Íslands og Kaupþing með sér samning um ótímabundna kostun á stöðu prófessors við deildina. Það er nýmæli hér á landi. Fyrirtæki hafa áður kostað stöður við háskólann en stuðningurinn hefur hingað til alltaf verið tímabundinn.

Í fréttatilkynningu frá viðskipta- og hagfræðideild segir að samningurinn sé mikilvægur fyrir Háskóla Íslands. Hann gefi svigrúm til að efla kennslu og rannsóknir í fjármálum og tengdum greinum.



FRÍÐRIK MÁR BALDURSSON Fríðrik mun framvegis gegna stöðu prófessors með fulltingi Kaupþings.

Fríðrik Már hefur starfað sem prófessor við viðskipta- og hagfræðideild frá 2003. Hann starfaði áður hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Þjóðhagsstofnun og kenndi við Columbia-háskólann í New York. Rannsóknir Fríðriks Mús beinast meðal annars að fjármálhagfræði, atvinnuvegahagfræði og hagfræði orkumarkaða.

- hhs

FÓLK Á FERLI



NÝR FORSTÖÐUMAÐUR Linda Björk Waage hefur verið ráðin í stöðu forstöðumanns almannatengsla hjá Símanum. Hún hefur starfað í fimm ár hjá fyrirtækinu og er öllum hnúttum kunnug.

Mannaskipti hjá Símanum

LINDA BJÖRK WAAGE hefur verið ráðin í stöðu forstöðumanns almannatengsla hjá Símanum og hefur hún þegar hafið störf. Linda tekur við starfinu af Evu Magnúsdóttur, sem tók við stöðu forstöðumanns heildsölu Símans undir lok síðasta mánaðar. Linda hefur B.A. gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands ásamt diplómagráðu í stjórnun og starfsmannamálum frá Háskólanum í Reykjavík. Hún segist öllum hnúttum kunnug hjá Símanum en hún hefur komið að ýmsum störfum hjá fyrirtækinu síðan hún hóf störf þar fyrir fimm árum. Síðast gegndi hún stöðu forstöðumanns Greiningar á einstaklingssviði. „Ég þekki Símann þess vegna nokkuð vel,“ segir Linda og bætir við að nóg sé að gera enda mikil gerjun innan fyrirtækisins. Starfssvið Lindu snýr að tengslum og miðlun upplýsinga gagnvart viðskiptavinum Símans, eigendum og eftirlitsstofnunum. Huga þarf að mörgu, ekki síst skráningu Símans, sem stefnt er að síðar á þessu ári. „Það er í mörg horn að líta,“ segir hún.

LEIÐRÉTTING Á MYNDATEXTA



Ranglega var hermt í umfjöllun í síðasta Markaði að hægri megin við Dr. Abdul Kalam Indlandsforseta væri Dina Karznova. Hið rétta er að þar stendur Þjárný Lúðvíksdóttir, einn eigenda Eskimo. Lengst til vinstri er svo Andrea Brabin hjá Eskimo.

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.

550 5600



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

Sú fullkomnasta...



**BJÓDDU VINUM
PÍNUM Í HEIMA-
Kaffihús**

þitt eigið
Kaffihús
Saeco
Kaffivélur

15 gerðir verð frá kr. 39.800 stgr

Þú lagar alla uppáhalds kaffidrykkina þína svo sem espresso, cafelatte og cappuccino, nákvæmlega eins og þú vilt hafa þá!
Þú velur vatnshita, kaffimagn, mölun og aðrar stillingar



VIENNA deluxe



Fjölbreytt úrval bolla og fylgihluta



Ítalskt gæðakaffi frá Kimbo og Danesi



Bragðefni frá Fabbri

Landsins mesta úrval af sjálfvirkum espresso/cappuccino kaffivélum



Einar Farestveit & Co. hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • www.ef.is

www.ef.is



BAKARAR BERJA Á BOLLUDEIGINU Í SUÐURVERI Bakaramenn í Bakarameistarunum unnu í allt að átján klukkutíma til að gleðja viðskiptavinina sína með 50.000 bollum fyrir bolludaginn á mánudag.

Bakarar laskaðir eftir bolludaginn

„Menn eru aðeins laskaðir. Við erum búnir að vaka mikið og sofa lítið,“ segir Óttar Bjarki Sveinsson bakarameistari um félaga sína í Bakarameistarunum í Suðurverri að loknum bolludegi á mánudag. Bakararnir unnu sleitulítið að framleiðslunni og bjuggu til um 50.000 bollur. Enginn leið er að reikna út hversu mörgum bollum landinn torgaði en Óttar segist hafa heyrt að um milljón bollur hafi horfið ofan í maga fólks.

Bjarki var dasaður eftir stranga törn. „Þetta er smáskot yfir eina helgi og nær toppnum rétt fyrir bolludaginn,“ segir Óttar en hann stóð vaktina ásamt félögum sínum kvölds og morgna helgina fyrir bolludag til að anna eftirspurnarsprengingunni á mánudag. Mesta álagið var á sunnudag en þá stóðu bakararnir vaktina frá klukkan 23 á sunnudagskvöld og unnu þeir sleitulítið til klukkan 17 á mánudag. Bakararnir bjuggu til um

50.000 bollur sem fóru í sölu jafnt í Suðurverri sem og í öðrum bakaríum undir merkjum Bakarameistarans, auk þess sem bollurnar fóru í sölu í sex verslunum víðs vegar um borgina. Þá keyptu fyrirtæki og stofnanir bollur fyrir starfsmenn sína. Bakaríið í Suðurverri var opnað líkt og alla daga klukkan hálf sjö á mánudagsmorgun og lokað klukkan 18. Að sögn Óttars var fullt út úr dyrum allan tímann.

- jaf

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR

Ávaxtaðu betur

- í þeirri mynt sem þér hentar

ávöxtun í evrum	ávöxtun í dollurum	ávöxtun í krónum	ávöxtun í pundum
4.3%*	5.8%*	14.2%*	4.5%*

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings í ISK, USD, EUR og GBP. Hafðu samband við ráðgjafa í síma 444 7000.

*Nafnávöxtun í ISK, EUR, USD og GBP á ársgrundvelli fyrir tímabilið 29/12/06-31/01/07. Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðsýsingu eða útdrátti úr útboðsýsingu sjóðsins í útbúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.



MBA nám við Háskólann í Reykjavík

VILTU PRÓFA?

Alþjóðlegt MBA nám

- Erlendir sérfræðingar
- Tengsl við atvinnulíf
- Alþjóðleg tækifæri
- Sterkur nemendahópur

Viltu kynnast MBA námi við HR af eigin raun?

Við bjóðum áhugasömum um MBA nám við Háskólann í Reykjavík að kynnast námi, kennurum og kennsluaðferðum frá fyrstu hendi með því að sækja röð kennslufunda (e. case-meetings) á næstu vikum. Þátttakendur fá sent stutt raunhæft verkefni til undirbúnings fyrir fundinn. Kennari úr MBA námi HR mun svo kryfja verkefnið með aðstoð þátttakenda.

RU-MBA „alumni“ eru boðin sérstaklega velkomin aftur á alla kennslufundi.

Kennslufundir verða haldnir:

28. febrúar, kl. 18:00 - 19:30 Kennari: Patrick Turner Skóli: INSEAD (Frakkland) Námskeið: Innovation & Entrepreneurship Efni: An entrepreneur as a manager
22. mars, kl. 11:00 - 12:30 Kennari: Marc Sachon Skóli: IESE (Spánn) Námskeið: Operations Management Efni: Implications of E-business and marketing for operations
12. apríl, kl. 11:00 - 12:30 Kennari: Joe Pons Fyrirtæki: Axioma Marketing (Spánn) Námskeið: Marketing Management Efni: Marketing and strategy

29. mars, kl. 17:15
Almennur kynningarfundur um MBA námið við HR

Ef þú vilt taka þátt í gagnvirkum fyrirlestri um áhugavert efni og þiggja um leið léttar veitingar, skráðu þig í síma (599 6262 / 599 6276) eða sendu á okkur póst (telma@ru.is).

Samstarfsaðilar um nýsköpunarþjálfun í MBA við HR eru:

BAUGUR GROUP

GLITNIR

NOVATOR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 www.hr.is

Allar nánari upplýsingar eru á www.ru.is/mba



BAKARAR BERJA Á BOLLUDEIGINU Í SUÐURVERI Bakaramennir í Bakarameistarunum unnu í allt að átján klukkutíma til að gleðja viðskiptavinina sína með 50.000 bollum fyrir bolludaginn á mánudag.

Bakarar laskaðir eftir bolludaginn

„Menn eru aðeins laskaðir. Við erum búnir að vaka mikið og sofa lítið,“ segir Óttar Bjarki Sveinsson bakarameistari um félaga sína í Bakarameistarunum í Suðurverri að loknum bolludegi á mánudag. Bakararnir unnu sleituliðið að framleiðslunni og bjuggu til um 50.000 bollur. Enginn leið er að reikna út hversu mörgum bollum landinn torgaði en Óttar segist hafa heyrt að um milljón bollur hafi horfið ofan í maga fólks.

Bjarki var dasaður eftir stranga törn. „Þetta er smáskot yfir eina helgi og nær toppnum rétt fyrir bolludaginn,“ segir Óttar en hann stóð vaktina ásamt félögum sínum kvölds og morgna helgina fyrir bolludag til að anna eftirspurnarsprengingunni á mánudag. Mesta álagið var á sunnudag en þá stóðu bakararnir vaktina frá klukkan 23 á sunnudagskvöld og unnu þeir sleituliðið til klukkan 17 á mánudag. Bakararnir bjuggu til um

50.000 bollur sem fóru í sölu jafnt í Suðurverri sem og í öðrum bakaríum undir merkjum Bakarameistarans, auk þess sem bollurnar fóru í sölu í sex verslunum víðs vegar um borgina. Þá keyptu fyrirtæki og stofnanir bollur fyrir starfsmenn sína. Bakaríið í Suðurverri var opnað líkt og alla daga klukkan hálf sjö á mánudagsmorgun og lokað klukkan 18. Að sögn Óttars var fullt út úr dyrum allan tímann.

- jaf

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR

Ávaxtaðu betur

- í þeirri mynt sem þér hentar

ávöxtun í evrum	ávöxtun í dollurum	ávöxtun í krónum	ávöxtun í pundum
4.3%*	5.8%*	14.2%*	4.5%*

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings í ISK, USD, EUR og GBP. Hafðu samband við ráðgjafa í síma 444 7000.

*Nafnávöxtun í ISK, EUR, USD og GBP á ársgrundvelli fyrir tímabilið 29/12/06-31/01/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðsýsingu eða útdrátti úr útboðsýsingu sjóðsins í útbúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.



MBA nám við Háskólann í Reykjavík

VILTU PRÓFA?

Alþjóðlegt MBA nám

- Erlendir sérfræðingar
- Tengsl við atvinnulíf
- Alþjóðleg tækifæri
- Sterkur nemendahópur

Viltu kynnast MBA námi við HR af eigin raun?

Við bjóðum áhugasömum um MBA nám við Háskólann í Reykjavík að kynnast námi, kennurum og kennsluaðferðum frá fyrstu hendi með því að sækja röð kennslufunda (e. case-meetings) á næstu vikum. Þátttakendur fá sent stutt raunhæft verkefni til undirbúnings fyrir fundinn. Kennari úr MBA námi HR mun svo kryfja verkefnið með aðstoð þátttakenda.

RU-MBA „alumni“ eru boðin sérstaklega velkomin aftur á alla kennslufundi.

Kennslufundir verða haldnir:

28. febrúar, kl. 18:00 - 19:30 Kennari: Patrick Turner Skóli: INSEAD (Frakkland) Námskeið: Innovation & Entrepreneurship Efni: An entrepreneur as a manager
22. mars, kl. 11:00 - 12:30 Kennari: Marc Sachon Skóli: IESE (Spánn) Námskeið: Operations Management Efni: Implications of E-business and marketing for operations
12. apríl, kl. 11:00 - 12:30 Kennari: Joe Pons Fyrirtæki: Axioma Marketing (Spánn) Námskeið: Marketing Management Efni: Marketing and strategy

29. mars, kl. 17:15
Almennur kynningarfundur um MBA námið við HR

Ef þú vilt taka þátt í gagnvirkum fyrirlestri um áhugavert efni og þiggja um leið léttar veitingar, skráðu þig í síma (599 6262 / 599 6276) eða sendu á okkur póst (telma@ru.is).

Samstarfsaðilar um nýsköpunarþjálfun í MBA við HR eru:

BAUGUR GROUP

GLITNIR

NOVATOR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 www.hr.is

Allar nánari upplýsingar eru á www.ru.is/mba

Rætur samkeppnishæfninnar

Íslensk útrásarfyrtækj eru drifin áfram af krafti og sam-eiginlegu markmiði. Þau kunna að nýta sér áður ónýttar glufur á erlendum mörkuðum en þar liggur vöxtur þeirra. Þetta var á meðal þess sem kom fram á ráðstefnunni Rætur samkeppnishæfninnar (e. Roots of Competitiveness) sem tók á samkeppnishæfni í alþjóðlegum viðskiptum og Félag viðskiptafræðinga MBA og MBA-nám við Háskóla Íslands stóð fyrir á Nordica Hotel á föstudag í liðinni viku.

Á ráðstefnunni var leitað svara við þeirri spurningu hvað ráði mestu um samkeppnishæfni fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum, hvaða máli skipti að fyrirtæki séu íslensk og hvað þurfi að gera til að efla samkeppnishæfni Íslands.

Ráðstefnan var velsótt. Ríflega 105 gestir á öllum aldri sátu hana, hlýddu á fyrirlesara og tóku þátt í vinnuhópum ásamt fulltrúum fjögurra útrásarfyrtækja sem héldu sitt erindið hver um fyrirtækin, stefnu þeirra, auk þess sem þeir sögðu frá reynslu sinni og lærdómi. Það voru þeir Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbankans, Jónas Tryggvason, framkvæmdastjóri hjá Actavis, Hilmar Bragi Janusson, framkvæmdastjóri Össurar, og Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista, sem meðal annars lýsti nýlegum kaupum félagsins á norska tryggingafélaginu Sampo.

Aðalfyrirlesari á ráðstefnunni var dr. Christian Ketels, en hann kemur frá stofnun bandaríska hagfræðingsins Michaels E. Porter, Institute for Strategy and Competitiveness, við Harvard Business School í Bandaríkjunum. Ketels mun vera eiga þátt í því að að sögn dr. Runólfs Smára Steinþórssonar, prófessors við viðskipta- og hagfræðideild HÍ, forstöðumanns MBA-námsins við HÍ og annars tveggja ráðstefnustjóra, var það að nokkru leyti fyrir tilstuðlans Ketels að Porter, sem sagður er einn virtasti viðskiptahugsuður samtímans, kom hingað til lands síðastliðið haust í boði ráðgjafar- og rannsóknafyrirtækisins IMG, nú Capacent. Porter hélt tvo fyrirlestra er hann dvaldi hér. Einn fjallaði um niðurstöður þá nýlegrar rannsóknar á samkeppnishæfni Íslands en hinn fjallaði um stefnumótun í rekstri fyrirtækja og stofnana.

AÐSTÆÐURNAR SKIPTA MÁLI

Ketels sagði opinbera stefnumótun skipta miklu fyrir samkeppnishæfni fyrirtækja. Átti hann þar meðal annars við lög í hverju landi, menntamál og þjónustu svo eitthvað sé nefnt.

Mikilvægi staðsetningar bar á góma í erindi Ketels. Hann sagði velgengni skipta talsverðu máli. Samkeppnishæfni fyrirtækja ykist alla jafna í fyrirtækjabyrpingu, klasa þar sem mörg fyrirtæki af svipuðum toga kæmu saman. Benti hann á Silicon Valley í Bandaríkjunum máli sínu til stuðnings. Þar berðust mörg hátækniyrirtæki um sneiðar af sömu köku. Þau nýtu vissulega góðs af samkeppninni þar sem ákvarðanatata væri auðveldari auk þess sem samstarf við önnur

fyrirtæki væri auðveldara vegna nálægðar.

HORFÐU ÚT FYRIR HEIMAHAGA



DR. CHRISTIAN KETELS
Fyrirtæki sem vilja vaxa verða að horfa út fyrir innanlandsmarkaðinn, ekki síst þau fyrirtæki sem eru í litlum löndum á borð við Ísland, að sögn Ketels.

MARKAÐURINN/GVA

Dr. Ketels lagði áherslu á að ætli fyrirtæki sér að vaxa yrði það að horfa út fyrir heimahagana þetta væri mikilvægt fyrir fyrirtæki í litlu landi, ekki síst á tímum alþjóðavæðingar. Hann tók sögu farsímafyrtækjanna Nokia og Motorola sem dæmi. Motorola er bandarískt fyrirtæki sem nær eingöngu horfði til þess að sinna geysistöfum innanlandsmarkaði. Farsímamarkaðurinn í Finnlandi var hins vegar fremur smár í samanburði við Bandaríkin og því horfði Nokia út fyrir landsteinana frá upphafi. Niðurstöðuna þekkja flestir enda er Nokia eitt stærsta farsímafyrtæki í heimi í dag.

Þá sagði Ketels sagði mikilvægt væri fyrir íslensk fyrirtæki að þau átti sig á stöðunni sem þau væru í. Fyrirtækin byggju við kjöraðstæður. Lagaramminn væri lítil hindrun til vaxtar auk þess sem eftirspurn væri geysimikil og innanlandsmarkaðurinn lítill. Aðstæður væru svipaðar fyrir íslensk fyrirtæki í dag og hjá Nokia á sínum tíma. Ketels benti enn fremur á að hér jafnt sem utan Íslands væri hörð samkeppni. Í ofanálag væri áhætta

nokkuð sem Íslendingar settu ekki fyrir sig, að hans mati.

SAMKEPPNISHÆFNI Í ÚTRÁS

Að loknu aðalerindi ráðstefnunnar settust vinnuhóparnir til fundar ásamt stjórnanda frá einu af fyrirtækjunum fjórum þar sem kastljósinu var beint að hverju fyrirtæki fyrir sig. Þar var farið yfir erindi stjórnenda og gáfu þeir þátttakendum færi á að spyrja spurninga. Þegar vinnuhóparnir höfðu lokið störfum völdu þeir fulltrúa fyrir hópinn og fékk sá fimm mínútur til að kynna fyrirtækið með hliðsjón af erindi dr. Ketels. Í kynningunum kom fram að íslensk fyrirtæki horfi ekki aðeins til innanlandsmarkaðar heldur til annarra landa, ekki síst nýmarkaða. Þá hjálpi það fyrirtækjum að vera frá Íslandi enda opni það fremur dyr en hitt.

SAMKEPPNISHÆFNIN FLUTT INN

Það er langt í frá að með ráðstefnunni á Nordica hafi botn verið sleginn í umræðuna um samkeppnishæfni á Íslandi. Þvert á móti því Háskóli Íslands er rétt að byrja og mun bjóða upp á námskeið í samkeppnishæfni í MBA-námi á næsta haustmisseri. Námið er í samstarfi við stofnun Michaels E. Porter við Harvardháskóla og gott betur því það er flutt í heild sinni yfir Atlantsála. Bæði námsbækur og önnur gögn eru komin frá stofnun Michaels E. Porter auk þess sem stefnt er að því að fá gestakennara frá Harvard til kennslu.

Dr. Runólfur Smári Steinþórsson, annar umsjónarkennara námskeiðsins ásamt dr. Gylfa Magnússyni, dósent við hagfræði- og viðskiptadeild, segir að horft sé til þess að námskeiðið verði sem líkast því sem það er vestur í Bandaríkjunum að því eina leyti undanskildu að hluti þess er staðfærður fyrir íslenskar aðstæður, að sögn Runólfs.



HEIMSKRINGLAN

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir



MIOMIR BOLJANOVIC, HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR FRÁ SERBÍU Miomir starfar hjá leikjalausnafyrirtækinu Betware, þar sem hann sinnir hönnun og þróun hugbúnaðar.

MARKAÐURINN/VALLI

Tækifæri þrátt fyrir hindranir

Miomir Boljanovic hefur verið búsettur á Íslandi í sex ár. Hann kom hingað árið 2001 ásamt eiginkonu sinni. Þá var uppgangur í tölvuiðnaði á heimsvísu og mikill skortur á hugbúnaðarsérfræðingum. Miomir fékk því fljótt vinnu hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Landmati sem er sérhæft í þróun upplýsingakerfa og var þar í þrjú ár.

Miomir og eiginkona hans hafa komið sér vel fyrir á Íslandi. Hér fæddist þeim dóttir sem í dag er orðin fjögurra ára og talar íslensku til jafns við serbnesku, föðurnum til mikillar gleði. Í dag starfar Miomir hjá leikjalausnafyrirtækinu Betware þar sem hann sinnir hönnun og þróun á hugbúnaði.

EINKAVÆÐINGARFERLI SENN AÐ LJÚKA

„Serbía á enn langt í land á ýmsum sviðum,“ segir Miomir, sem fylgist vel með gangi mála í sínu heimalandi. Hann telur þarlent efnahagslíf á uppleið en enn skorti á nauðsynlegar samfélagsúrbætur.

Erlendum fjárfestingum í Serbíu hefur fjölgað mjög á undanförunum árum og námu meira en fjórum milljörðum dollara á síðasta ári. Þær hafa að mestu leyti komið til vegna einkavæðingar ríkisfyrirtækja, en það ferli hófst árið 2000 og er ætlað að þeim ljúki á þessu ári.

Miomir segir sölu ríkisfyrirtækjanna tvímælalaust hafa verið jákvæðar fyrir serbneskt efnahagslíf. Þó þurfi meira til, svo að sú uppbygging sem stefnt er að nái fram að ganga. „Þú selur ríkisfyrirtæki bara einu sinni. Það sem Serbíu skortir er fjárfestingar í nýjum fyrirtækjum. Fjárfestingar sem eru atvinnuskapandi, geta aukið framleiðni landsins og fært landsmönnum áþreifanlegar sannanir um að hlutirnir séu að færast til betri vegar. Í dag er atvinnuleysi í Serbíu gríðarlegt. Það er langstærsta vandamálið sem þjóðin stendur frammi fyrir.“

Hlutirnir þokast þó í rétta átt að mati Miomirs.

Ríkisstjórnin hafi til dæmis nýlega sett á dagskrá að auka veg smærri og millistórra fyrirtækja, auk þess sem stefnt sé að úrbótum á helstu innviðum landsins.

SERBÍA Á SNÚIÐ VERK FYRIR HÖNDUM

Að mati Miomirs leynast mikil tækifæri í fjárfestingu í ýmiss konar iðnaði í Serbíu. Þá telur hann að útivistun í tæknigeiranum sé ákjósanlegur kostur, bæði fyrir stærri og smærri fyrirtæki. Margir velmenntaðir hugbúnaðarsérfræðingar búi í landinu en eigi sér litla von um áhuga verða vinnu eins og staðan er núna. Þá sé fasteignaverð og leiga með lægsta móti.

Serbneska ríkisstjórnin á mjög snúið verk fyrir höndum við að laða að erlent fjármagn, segir Miomir, enda ríki enn pólitískur óstöðugleiki í landinu. Þá sé spilling útbreidd og skrifraði mikið. Allt hjálpi þetta því miður til við að fæla alþjóðlega fjárfesta frá landinu. „Margir erlendir fjárfestar hafa frekar kosið nágrannalönd Serbíu vegna óstöðugleikans í landinu. En hlutirnir þokast í rétta átt, kannski ekki eins hratt og maður myndi óska sér, en þetta er að breytast.“

STRANDLENGJA SVARTFJALLALANDS

Árið 2006 klauf Svartfjallaland sig frá Serbíu með þjóðaratkvæðagreiðslu og hurfu þá síðustu leifar Júgóslavíu. Svartfjallalandi hefur vegnað betur eftir aðskilnaðinn og Miomir segir þar séu fjölmörg tækifæri fyrir erlenda fjárfesta, ekki síst í fasteignakaupum á strandlengju landsins. „Fjöldi ferðamanna hefur verið að aukast hratt á undanförunum árum og búist er við að innan skamms verði hann sá ferðamanna staður sem hraðast vex í Evrópu. Strandlangjan er jafnfalleg og strandlengja Króatíu en fasteignirnar kosta helmingi minna. Þetta bil minnkar þó öðum, svo það er um að gera að bregðast hratt við.“

SERBÍA

Mannfjöldi: 8,2 milljónir

Hagvöxtur: 6,0 prósent

Verðbólga: 17,4 prósent

Atvinnuleysi: 19 prósent

Gjaldmiðill: 1 serbneskur dínar = 1,11 íslensk króna

Heimild: Heimasíða Alþjóðabankans.

Tölur miðast við árið 2005.

FRÓÐLEIKSMOLAR

Í Serbíu ...

... tekur fimmtán daga að stofna fyrirtæki.

... var tekin ákvörðun um að selja 1.074 ríkisfyrirtæki árið 2000 og er því ferli senn að ljúka.

... er starfrækt kauphöll í höfuðborginni Belgrad.



Áttu von á gestum?



Ævintýralegar fiskbúðir

www.fiskisaga.is



BANKAHÓLFID

Afsökun á Fiskare
Finn Mortensen, viðskiptaritstjóri Berlingske Tidende, var gestur Félags íslenskra stórkaupmanna á aðalfundi félagsins. Ef einhver bjóst við stórkarlaglegum fjandsamlegum yfirlýsingum frá Mortensen þá varð sá hinn sami fyrir vonbrigðum. Mortensen var auðmýktin uppmáluð og nokkuð jákvæður í garð Íslendinga og dró verulega í land miðað við þann tón sem menn hafa greint í skrifum blaðsins. Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Útflutningsráðs, skammaði Mortensen fyrir framsetningu blaðsins þar sem Björgólfur Guðmundsson var kallaður fiskare. Mortensen sagði slíkar nafngiftir ekki eiga heima í fréttum og baðst afsöknar á því ef svo hefði verið.

Verða að vera í sambandi
Þegar upp var staðið í fyrirlestri Finns Mortensen var fátt eftir af gagnrýni hans á íslenska útrás í Danaveldi, annað en það að hann taldi að íslensku fyrirtækin þyrftu að vera duglegri við að svara dönskum blaðamönnum. Hann benti á að Peter Straarup, bankastjóri Danske Bank, væri skjótur til svars þegar eftir því væri leitað. Hann viðurkenndi þó að danskir blaðamenn gætu að einhverju leyti sjálfum sér um kennt og að tortryggni hefði skapast milli þeirra og viðmælendanna. Hins vegar væri mikilvægt að íslensku fjárfestarnir svöruðu gagnrýnum spurningum. Vera þeirra í Danmörku gerði það að verkum að fjöldi fólks hefði lifibrauð og hagsmuni af því hvernig þeim gengi.

Bankar með brúðarslör
Umræðan um sameiningu banka á Norðurlöndum er ekki bara á fleygiferð á Íslandi, en margir sjá tækifæri liggja í kaupum Exista á hlut í Sampo. Ekonomienyheterna í Svíaríki fjalla um bankamarkaðinn undir fyrirsögninni „Allir undirbúa brúðkaup.“ Þar er fjallað um mögulegan samruna Nordea og SEB. Sala á hlut ríkisins í Nordea til erlends banka er talin pólitískt erfið, þar sem í gegnum bankann fari laun og sparnaður tíu milljóna Norðurlandabúa. Blaðið fjallar ekki um Sampo í þessu samhengi, en þar er norrænn banki á ferðinni sem horfir stíft á hvort ekki sé hægt að komast upp á milli tilvonandi brúðhjóna.

7 Kauphallarfélög eru með markaðsvirði yfir tvö hundruð milljörðum króna.

6.739 milljóna króna hagnaður Atorku Group á árinu 2006.

1.253 milljóna króna tap Teymis á fjórða ársfjórðungi ársins 2006.

ADDCO ehf. Harmonikkuhurðir

Fyrirtækið byggir á langri reynslu þótt ungt sé að árum.
Eigendur Addco ehf. hafa verið að selja harmonikkuhurðir, hljóðeinangrandi veggi og öryggishlið síðastliðin 50 ár ásamt öðrum vörum. Byggjum við afgreiðslur okkar á þekkingu og góðri þjónustu og reynum ávallt að hafa biðtíma sem styðstan.

FELLIVEGGIR



Addco sérhæfir sig í sölu og uppsetningum á felliveggjum, harmonikkuhurðum og öryggishliðum af vönduðustu gerð.

Rúllu / öryggishlið



Tökum mál, gefum tilboð. Verið velkominn.

RAFDRIFNAR RENNI OG HRINGHURÐIR



Einnig útvegum við rafdrifnar hringhurðir, rafdrifnar rennihurðir, tjöld til skiftingar á íþróttasölum og margt fleira

F E L L I H U R Ð I R



H A R M O N I K K U H U R Ð I R

ADDCO EHF. / Auðbrekku 2 / sími : 586 9010 / fax : 586 9020 / e-mail addco@addco.is / www.addco.is



Blásu á keppinautana!

SPRON Verðbréf
Alþjóðlegur hlutabréfasjóður
43,18% ávöxtun*



VERÐBRÉF

*Nafnávöxtun árið 2006.

Himinn og haf - SÍA